



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. nóvember 2006 – 317. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Opinberunarbók Braga

Bragi Ólafsson segist eiga erfitt með að opinbera sig í skáldskapnum sem höfundar þurfi þó alltaf að gera.

VIÐTAL 24



Sigrún Eldjárn rithöfundur og myndlistarmaður

Getur vart hugsað sér skemmtilegra starf en að skrifa bækur fyrir börn.

BÆKUR 32

Sterkar taugar til samfélagsins

Rakel Olsen er stjórnarformaður útgerðarfirmarinnar Agustson ehf. í Stykkishólmi sem er í eigu fjölskyldu hennar, og ræðir um fyrirtækið og lífið í Stykkishólmi.

VIÐTAL 16




Fékk góðar móttökur

Stuðningsmenn West Ham klöppuðu Eggertí Magnússyni lof í löfa á sigurveik liðsins gegn Sheffield United í gær.

ÍÞRÓTTIR 42



VEÐRIÐ Í DAG



BJART SYÐRA - Í dag verða norðlægar áttir, 5-10 m/s. Snjó-koma eða él á landinu norðanverðu en bjartviðri syðra. Vægt frost með ströndum en allt að 10 stiga frost til landsins.

VEÐUR 4

Opið í dag kl. 13 - 16



exó

Reykjavík - Oslo



BRUNNUR AFHJÚPAÐUR Í SMÁRALIND Jólásöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir vatni hófst í gær. Karl Sigurbjörnsson biskup afhjúpaði af því telfni brunn sem er eins og þeir sem Íslendingar hafa gefið og notaðir eru í Afríku. Að afhjúpun lokinni gengu þrjátíu unglingar úr æskulýðsfélögum kirkjunnar í Reykjavík um Smáralind og buðu fólki vatn að drekka.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Mistök að styðja innrásina í Írak

Formaður Framsóknarflokksins segir ákvarðanir stjórnvalda um málefni Íraks hafa verið rangar eða mistök. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálanefnd segir að vel megi vera að ákvörðunin hefði mátt vera lýðræðislegri.

STJÓRN MÁL Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, kvað fastar að orði en málsvarar ríkisstjórnarinnar hafa áður gert um Íraksmálið í ræðu á fundi miðstjórnar flokksins í gær.

Jón sagði ákvarðanir íslenskra stjórnvalda hafa byggst á röngum upplýsingum og því verið rangar eða mistök.

„Þær upplýsingar sem ég hef fengið benda til þess að það var ekki fjallað um málið rækilega á sínum tíma og þá er kominn tími til að fara yfir það,“ sagði Jón í samtali við Fréttablaðið.

Hann kveðst hafa orðið var við að flokksmenn vildu ræða málið og hvetur til slíkra umræðna.

Jón hafnar hins vegar að með orðum sínum sé hann að skjóta á Halldór Ásgrímsson. „Nei, ég er ekki að því. Hann hefur sjálfur sagt að ákvörðunin hefði verið byggð á röngum upplýsingum og það er raunverulega það sem ég er að endurtaka.“

Spurður hvort hann telji ásynd flokksins breytast við þessa yfirlýsingu segir Jón að það kunnist að gerast. Það sé hins vegar ekki aðalatriðið. „Aðalatriðið er að við erum að leiða sannleika í ljós.“

ORÐ JÓNS UM ÍRAK

„Mikið hefur verið rætt um ákvarðanir íslenskra stjórnvalda á sínum tíma um málefni Íraks. Þær byggðust á röngum upplýsingum. Forsendurnar voru rangar og ákvarðanaferlinu ábótavant. Þessar ákvarðanir voru því rangar eða mistök.“

Svonefndur listi um „staðfastar þjóðir“ var einhliða framsetning Bandaríkisstjórnar og hluti af þessari hörmulegu atburðarás.

Ákvarðanir um öryggismál og alþjóðaverkefni ber ævinlega að taka eftir vandaðasta undirbúning og eftir trúnaðarsamráð við lögmætar stofnanir eins og utanríkismálanefnd Alþingis.

Við skulum tala hreinskilnislega um þetta, hvort sem einhver okkar tengdust þessu sjálf eða komu þar hvergi nærri.“

Jón segist gera ráð fyrir að fræðimenn muni fjalla um hvort stjórnvöld þurfi að biðjast afsökunar á stuðningnum, líkt og sumir hafa kallað eftir, en minnst á að lögfræðialit sýni að ákvörðunin var lögmæt á sínum tíma.

Drífa Hjartardóttir, einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins sem sæti á í utanríkismálanefnd, segir auðvelt að horfa til baka og meta hlutina nokkrum árum eftir að ákvörðun um stuðning var tekin.

„Jón sat ekki inni á þingi þegar þessi ákvörðun var tekin og var ekki í þeirri stöðu sem Davíð og

Halldór voru í á þeim tíma,“ segir Drífa. „Málið er okkur öllum afskaplega erfitt, en ég held að á sínum tíma hafi menn tekið ákvörðun út frá þeim staðreyndum sem þá lágu fyrir. Það er ekki hægt að horfa fram í framtíðina þegar tekin er ákvörðun.“

Aðspurð segir Drífa að vel megi vera að ákvörðunina um stuðninginn við innrásina í Írak hefði átt að taka á lýðræðislegri máta og að fjalla hefði mátt betur um hana á sínum tíma. Drífa telur sjálf sagð og nauðsynlegt að fara yfir Íraksmálið.

- bps / kóp / sjá síðu 6

Leiðtogi Hamas-samtakanna: Boðar uppreisn

PALESTÍNA Náist ekki sátt um sjálfstætt palestínskt ríki innan sex mánaða munu Palestínumenn leggja í þriðju intifada-uppreisnina, sagði Khaled Meshaal, leiðtogi Hamas-samtakanna í gær.

Meshaal kvað alþjóðasamfélagið hafa „sögulegt tækifæri“ til að standa að stofnun palestínsks ríkis, á því svæði sem Palestína réði yfir fyrir stríðið sem braust út 1967 og án allra landnemabyggða Ísraelsmanna.

- kóp

Opið 13-17 í dag



Kringlan



Bókatíðindi barnanna fylgja Fréttablaðinu í dag






Sparisjóðabanki Íslands
hefur skipt um nafn

Við erum

ICEBANK



Icebank er viðskiptabanki sem leggur áherslu á heildsölu- og fjárfestingarbankastarfsemi gagnvart sparisjóðum, innlendum sem erlendum fjármálafyrirtækjum og öðrum stærri aðilum. Icebank hefur verið í eigu sparisjóðanna í 20 ár en ólíkt þeim á hann ekki viðskipti við almenning. Icebank veitir fyrirtækjum, fagfjárfestum og öðrum umsvifamiklum viðskiptavinum innanlands sem utan sérhæfða þjónustu. Bankinn fylgir íslenskum félögum eftir í útrás með ráðgjöf, lánveitingum og þátttöku í fjárfestingum.

www.icebank.is





Hallgrímur Þorvaldsson, rafeindavirki; Anna Jóna Ármannsdóttir, flokkstjóri í kerskála; Reinhold Richter, vélvirki; Rannveig Rist, forstjóri; Elva Guðmundsdóttir, starfsmaður á rannsóknarstofu; Benedikt Guðmundsson, starfsmaður í skautsmiðju; Auður Þórhallsdóttir, leiðtogi fræðslumála; Helgi Magnússon, verkstjóri í skautsmiðju.



Alcan hlýtur Starfsmennta- verðlaunin 2006

Alcan á Íslandi hefur hlotið Starfsmenntaverðlaunin 2006 fyrir framúrskarandi árangur í menntunarmálum starfsfólks. Þetta er í annað sinn sem Alcan í Straumsvík fær Starfsmenntaverðlaunin frá því að þau voru fyrst afhent árið 2000.

Rannveig Rist, forstjóri, tók við verðlaununum úr hendi forseta Íslands.

Við þökkum þennan mikla heiður.

– Hugvit, tækniþekking og framfarir í 40 ár





Myndaðu jólin með Canon

Þú getur verið viss um að Canon myndavél henti þér hvort sem þú tekur myndir af fjölskyldunni, vinum, náttúrunni eða hvers kyns stundum sem skipta þig máli.

Veldu Canon gæði


Hágæða Canon linsur í Ixus, PowerShot og EOS myndavélum tryggja að þú færð bestu myndirnar. Áralöng þekking og reynsla ásamt framsýnni tækni Canon tryggir myndgæðin og mundu að það er ekki nóg að velja myndavél eingöngu út frá pixlum. Linsan, örgjörvinn, skjárin, notendavænar stillingar, þjónusta og fleiri mikilvægir þættir skipta máli við val á myndavél og Canon er þar í fremstu röð.

Skemmtilegt og ódýrt

Með Canon SHELPHY ljósmyndaprentaranum getur þú svo notið þeirra mynda sem þú tekur. Á afar einfaldan hátt er hægt að prenta út fallegar myndir á aðeins nokkrum sekúndum - þegar þér hentar. Það er ódýrara en þú heldur að prenta út myndirnar þínar, eða aðeins um 34 kr. á mynd miðað við 108 mynda pakka.

Verð á Canon myndavélum er frá **19.900 kr.**

Verð á Canon ljósmyndaprenturum er frá **14.900 kr.**



Nýherji er umboðsaðili Canon á Íslandi.

Víðurkenndir söluaðilar um land allt:

Beco, Elko, Fríhöfnin, Hans Petersen, Hrannarbúðin, Kaupfélag Skagfirðinga, Martólvan, Max, Myndval, Nýherji, Oddi skrifstofuvörur, Pedromyndir, Penninn, Pixlar, Ráðbarður, Tengill, TRS, Tunnan, Tölvulistinn, Tölvun, Tölvuþjónusta Vesturlands

www.nyherji.is/canon

alltaf fjör í nettó

allt til alls

74%
afsláttur

færð næstum
4 í stað 1

99

kr/kg.

Verð áður 384 kr/kg.

ÍSFLUGL CAJUN KJÚKLINGAVÆNGIR

40%
afsláttur

pú sparar
708 kr/kg

1.061

kr/kg.

Verð áður 1.769 kr/kg

GÓÐA LONDON LAMB

50%
afsláttur

pú sparar
helming

455

kr/kg.

Verð áður 909 kr/kg

BK BLANDAÐ SALTBJÓT

52%
afsláttur

pú sparar
meira en helming

88

kr/pk.

Verð áður 183 kr/pk.

MYLLUBRAUÐ HEILT

33%
afsláttur

294

kr/stk.

Verð áður 439 kr/stk

LÚXUS SKAFÍS M/ JARÐABERJA OG SÚKKULAÐI

LÚXUS SKAFÍS M/ LAKKRIS OG SÚKKULAÐI

40%
afsláttur

40%
afsláttur

59

kr/pk.

Verð áður 99 kr/pk.

T&L FLÓRSYKUR 500 GR.

77

kr/pk.

Verð áður 129 kr/pk.

T&L PÚÐURSYKUR 500 GR.

137

kr/pk.

Verð áður 229 kr/pk

T&L SYKUR 2 KG.

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 26. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahlverfi Kópavogi

netto

Fjörbrot hjálendu- og nýlenduherra:

Dansk-íslenska félagið

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Á tak sendiráðs Íslands í Danmörku til kynningar á Jónasi Hallgrímssyni er athyglisvert. Á tvö hundruð ára ártíð Jónasar Hallgrímssonar verður efnt til margs konar viðburða á danskri grund sem draga fram hans hlut í stjórnmálum, félagslífi og fagurfræði – ekki aðeins Íslendingum til upprifjunar heldur líka Dönnum.

Nýlega var vakin athygli á hvarfi Gunnars Gunnarssonar úr danskri bókmenntasögu. Hann eins og nokkrir aðrir listamenn sem sóttu þegnurétt í dönsku listalífi eru þar nú utan garðs, teljast ekki með. Danir vita ekki af þeim.

Viðbrögð margra Dana á opinberum vettvangi við umsvifum íslenskra fyrirtækja á danskri grund hafa vakið undrun hér heima. Þjóðirnar tvær deildu kjörum í fimm hundruð ár og áttu bæði fyrr og síðar viðskipti um býsna margt. Danskir og íslenskir ráðamenn hafa enda margsinnis ítrekað mikilvægi þess sameiginlega arfs sem við deilum með Dönnum.

En eins og mörg Evrópuríki sem eflust undir einveldi konungsafta álfunnar og sóttu sér hráefni og auð í fjarlægjar nýlendur hefur Dönnum gengið furðu illa að átta sig á hver tók þeirra voru á hjálendunni Íslandi. Rétt eins og við höfum verið latir til að greina hvaða þættir eflust í menningu okkar og vitund í langri sögu undir handarjaðri stórvelda sem áttu hvert um sig stórt valdasvæði nær og fjær: danska konungsríkisins, breska heimsveldisins og síðast Bandaríkjanna. Sjálfstæði hafa menn hátt um en vilja lítið skoða ósjálfstæðið, hvað þá skilja það.

Danir og Íslendingar gerðu vel ef þeir tækju saman sögu þessa tíma þegar þjóðirnar deildu yfirvaldi, stjórnsýslu, viðskiptastjórn og lögum. Með sameiginlegu átaki mætti kalla til sveitir fræðimanna í ólíkum greinum, efna til nýrrar sögulegrar rannsóknáætlunar með samþættri vinnu og stýringu sem varpaði nýju ljósi á sameiginlega sögu okkar. Slík verk þekkjast en eru fáttíð. Almenn vitneskja um bönd og tengsl fortíðar eru oft sterkur grunnur nýrra tíma. Sameiginlegur áhugi stjórnvalda og menntasetra í báðum löndum á slíku átaki væri um leið dirfskull viðurkenning á blóðskyldu landanna, lifandi tengslum þjóðanna fyrr og nú.

Á sínum tíma réðust háskólar á Norðurlöndum í stórt verk í sögu miðalda, Kulturhistorisk Lexikon for Nordisk Middelalder. Hvergi er sameiginleg menning Norðurlanda betur greind en þar. Sú kynslóð sem skóp það verk í tugum binda var ráðin í að næsta skref í samstarfi þessu væri sambærilegt rit um síðskiptaöldina og upphaf einveldis. Það varð aldrei – því miður.

Sendiráðið í Danmörku og ráðuneytin hér heima hafa erindi að sinna í danskri slóð. Við erum í félagi með Dönnum – eigum með þeim langa sögu og hollt væri, báðum þjóðunum til nokkurs þroska og dýpri sjálfsskilnings, að hún væri rakin enn á ný og skoðuð nýjum augum.

Dægilegra upphaf slíks þarfaverks, svo slett sé dönsku, væri ekki hægt að hugsa sér en ár Jónasar Hallgrímssonar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arnalds Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ný útvarpsstöð

Kaninn

Fm 94,3

Íslensk músík alltaf!

KANINN LEIÐIR EINGÖNGU ÍSLENSKA MÚSÍK

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kvenrektorar

Svafa Grönfeld verður næsti rektor Háskólans í Reykjavík eins og tilkynnt var í fyrradag. Hún bætist þannig í hóp kvenrektora landsins. Fyrir situr Kristín Ingólfssdóttir í sæti rektors Háskóla Íslands. Fyrsta desember tekur svo Bryndís Hlööversdóttir við embætti rektors Háskólans á Bifröst af Runólfi



Árnasyni. Það er að vísu aðeins tímabundin ráðstöfun þar til ráðið verður í stöðuna.

Hver tekur við?

Mál manna er hins vegar að Bryndís sé vel að starfinu komin, hún er aðstoðarrektor eins og sakir standa og ekki talið ólíklegt að hún hreppi starfið sækist hún eftir því. Ef svo færi yrðu konur í meirihluta háskóla- rektora landsins, karlar sitja í embætti rektors Háskólans á Akureyri og Kennaraháskólans.

Tæknilega tæknileg mistök

Orðalagið tæknileg mistök var klaufalegt, segir Árni Johnsen

í samtali við Eyjar.net. Klaufaleg mistök eða kannski tæknileg mistök, velta lesendur fyrir sér. Árni afsakar sig enn frekar í aðsendri grein í Morgunblaðinu í gær, segir orðin illa valin og líkleg til að misskiljast, nema hvað. Árni er þó ekki á því að láta undan gagnrýnisröddum á framboð hans og segir engan bilbug á baklandinu.

sigridur@frettabladid.is



Evran og lýðræðið

Aljóðamálastofnun Háskóla Íslands hélt á föstudaginn málþing um stöðu Íslands í utanríkismálum. Þar talaði Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra. Ég heyrði ekki ræðu Valgerðar en ég las ummæli hennar sem birtust hér í Fréttablaðinu í gær. Þar komst ráðherrann meðal annars að þeirri niðurstöðu að við Íslendingar hefðum nú meira sjálfstraust en áður, að við stæðum keikur á alþjóðavettvangi og því ættum við að taka virkari þátt á pólitískri hlið Evrópusamvinnunar. Ég verð að játa að ég hef nokkrar efasemdir um þessa nálgun á umræðunni um ESB. Enginn efast um að Ísland er hluti af evrópsku þjóðafjölskyldunni, saga okkar og menning er evrópsk og framtíð okkar er evrópsk. Ákvörðunin um að grundvalla samskipti okkar við ríki Evrópu á samningnum um EES er ekki hægt að túlka sem svo að okkur hafi skort sjálfstraust til að ganga í ESB. Það hefur einfaldlega verið mat íslenskra ráðamanna að íslenskum hagsmunum væri best borgið með því samstarfi sem EES býður upp á. Ég er því ekki sammála Valgerði um að þetta snúist um sjálfstraust eða sjálfsmynd. Það hafa ekki komið fram knýjandi rök fyrir því að þjóðin gangi í ESB, gallarnir við það að ganga inn eru fleiri en kostirnir sem því fylgja. Samningurinn um evrópska efnahagssvæðið veitir okkur að mestu sömu viðskiptakjörum eins og við værum hluti af ESB. Við erum vissulega ekki fullgildir þátttakendur í pólitíska starfinu í Evrópu, það er augljóst. En spurningin er þessi, viljum við vera það, hvað er nákvæmlega unnið með því og hverju er fórnandi fyrir það?

Valgerður nefndi að það yrði erfitt að ná samkomulagi um sjávarútvegsmál við ESB. Þetta er rétt hjá Valgerði og hér á landi hafa hörðustu fylgismenn aðildar að



ILLUGI GUNNARSSON Í DAG | Utanríkismál

ESB haft á orði að vitanlega yrðum við Íslendingar að afsala okkur fullum yfirráðum yfir fiskveiðiaútlindinni ef við gengjum í sambandið. Þeirra mat er síðan það að ávinningurinn af aðild sé svo mikill að hægt væri að réttlæta slíka ákvörðun. Ólíklegt er að íslenska þjóðin muni samþykkja slíka gjörð, ég tala nú ekki um þegar viðbættast stóraukin útgjöld ríkissjóðs til Brussel og rekmal á möguleikum okkar til að ræsa sjálfstæða peningamálastefnu. Hvað síðasta þáttinn varðar er rétt að minna á skoðanir hagfræðingsins Robert Mundell sem kallaður hefur verið guðfaðir evrunnar. Niðurstaða hans var sú að það þjónaði ekki hagsmunum Íslands að taka upp evru.

Hlutverk evrunnar er bæði efnahagslegt og ekki síður pólitískt. Sameiginleg mynt á að knýja áfram pólitískan samruna ESB landanna. Sameiginlegur seðlabanki og sameiginlegir stýrivextir knýja á um að ríkisfjármál aðildarlandanna og efnahagsstarfsemin almennt séu í miklum takt. Milton Friedman benti réttilega á að það væri mjög flókið mál þegar sjálfstæð ríki gæfu út sameiginlega mynt sem ólíkt gull- eða silfurfæti gæti misst verðgildi sitt í verðbólgu. Hættan á því að einstaka lönd lentu í vandræðum og gætu ekki búið við hina sameiginlegu vaxtastefnu væri mikil. Sérstaklega gæti reynt á þetta á næsta áratug eða svo þegar nýju aðildaríkin tækju upp evruna. Friedman, sem var flestum

mönnum fróðari um stjórn peningamála, var ekki alltof bjartsýnn á langtímahorfur evrunnar. Eina raunhæfa leiðin til að koma í veg fyrir þetta vandamál er að auka og dýpka hinn pólitíska og efnahagslega samruna ESB – sambandsríki Evrópu sambærilegt við Bandaríki Norður Ameríku er sú laus sem upptaka evrunnar yfir undir. Þetta vita leiðtogar ESB og því hafa þeir reynt að ýta á aukinn samruna sambandsins.

En vandinn er sá að þjóðir Evrópu eru ólíkar innbyrðis og það virðist sem svo að almenningur í Evrópu líti fyrst á sig sem Frakka, Ítali, Þjóðverja, Englendinga o.s.frv. löngu áður en kemur að einhvers konar sameiginlegri evrópskri sjálfsmynd. Þetta kom skýrt fram nú á dögunum þegar Frakkar og Hollendingar felldu stjórnarskrárhugmyndir ESB í þjóðaratkvæðagreiðslum. En sameiginleg evrópsk sjálfsmynd er forsenda þess að hægt sé að tala um evrópskt lýðræði sem væri grunnur þess að færa aukid vald til Brussel. Sameiginleg evrópsk sjálfsmynd þýðir meðal annars að það sé eitthvert bindiefni sem gerir íbúum Evrópu mögulegt að ræða saman út fyrir eigin landamæri, gerir þeim kleift að komast að sameiginlegri niðurstöðu í kosningum sem taka til allra þegna álfunnar. Það virðist sem svo að þetta bindiefni sé til staðar hjá stórum hópi evrópskra stjórnmálamanna en því miður fyrir samrunahugmyndir þeirra þá virðist það bindiefni ekki ná til almennings. Aukið valdaframsal til Brussel á þess ári hefur verið augljóslega á við þarfir evrunnar.

Í ljósi þess að EES samningurinn þjónar hagsmunum okkar vel er ástæða fyrir okkur Íslendinga að bíða rölegir og sjá hver þróun mála verður í ESB á næsta áratug eða svo.

Mæðravernd í brennidepli

UMRÆÐAN

Heilsugæsla

Mæðravernd er heilsuvernd og í eðlilegri meðgöngu á hún heima innan heilsugæslunnar, en ekki á kvennadeild LSH eins og var um árabíl.

Meðganga og fæðing er eðlileg í 80% tilvika. Á Reykjavíkursvæðinu njóta um 3.000 konur þjónustu mæðraverndar á ári hverju, 600 þeirra teljast í áhættumeðgöngu og þurfa aukid eftirlit.

Miðstöð mæðraverndar tók við verkefnum LSH í meðgöngueftirliti um mitt ár 2001. Í kjölfarið voru gerðar skipulagsbreytingar í þá veru að mæðravernd í eðlilegri meðgöngu var færð til heilsugæslustöðva með fjölgun stöðugilda ljósmæðra. Við það breyttist hlutverk Miðstöðvar mæðraverndar í að sinna konum í áhættumeðgöngu og vera faglegur bakhjarl mæðraverndar á heilsugæslustöðvum.

Þessar skipulagsbreytingar heppnuðust vel. All flestar konur í eðlilegri meðgöngu njóta nú þjónustu ljósmæðra frá sömu heilsugæslustöð í mæðravernd og ungbarnaftirliti og jafnvel einnig í sængurlegu eftir fæðingu. Þetta felur í sér aukna samféllu í þjónustu og persónulegri tengsl aðila.

Ákvörðun um að færa þjónustu við konur í áhættumeðgöngu til LSH var tilkynnt formlega 9. nóvember



ÁSTA MÖLLER

sl. og tók hún gildi sl. föstudag, 24. nóvember. Þessi breyting felur í sér einföldun á þjónustu við konur í áhættumeðgöngu. Þær leita aðeins á einn stað í stað tveggja áður, en tæki og tól og læknisfræðileg þekking á áhættumeðgöngu er fyrst og fremst staðsett á LSH.

Þessi tilhögun leiðir til aukins öryggis í þjónustu við barnshafandi konur í áhættumeðgöngu, sem eru sterk rök, þótt vissulega megi líta á málið frá fleiri hliðum.

Það má hins vegar gagnrýna hve skjótt þessar breytingar hefur borið að og hve lítinn tíma starfsfólk og barnshafandi konur hafa haft til að aðlagast þessari breytingu. Jafnframt geri ég athugasemd við að á stuttum tíma hefur verið lagt í miklar fjárfestingar til breytinga á húsnæði og hjálfunar starfsfólks sem nú er hætt á að fari í súginn. Á þeim fimm árum sem þjónusta við barnshafandi konur í áhættumeðgöngu hefur verið flutt frá LSH til Miðstöðvar heilsuverndar og síðan aftur til LSH, hefur verið lagt í kostnaðarsamar breytingar á húsnæði, bæði á Heilsuverndarstöðinni og nú í nýju húsi Heilsugæslunnar í Reykjavík í Mjódd.

Það er það sem ég hef kallað stefnuleysi og soun á fjármunum, sem með fyrirhyggju hefði verið hægt að koma í veg fyrir.

Höfundur er alþingismaður og varaformaður heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis.

VAXTALAUST

JÓLATILBOÐ



TASKA FYLGIR

TILBOÐ
6.099,-*

MINNI 265 MB 533MHz **HARÐUR 40 GB DISKUR** **PRÁÐLAUST NETKORT**

0% VEXTIR

AIRIS Fartölva Airis Pragma N92

Vörunúmer: 448n920

- **Örgjörvi:** Intel Celeron M320 1,3GHz. 512kb CacheL2
- **Skjár:** 15.4" WXGA Widescreen
- **Minni:** 256MB 533MHz
- **Harður diskur:** 40GB (5400RPM)
- **DVD skrifari:** DVD-RW +R DL
- **4x USB 2.0**
- **Skjákort:** SVGA ATI Mobility Radeon X200
- **Stýrikerfi:** Windows XP Home
- **Práðlaust netkort**
- **Ábyrgð:** 2 ár



6.099,- **69.990,-**
Vaxtalaust 12 mán.* Staðgreitt

Vaxtalaust tilboð er miðað við jafnar mánaðarlegar greiðslur á Visa skuldabréfi með viðbættu stimpil- og lántökugjaldi sem bættist við heildarupphæðina og dreiftist jafnt á samningstímann.



1.999,-

Vefmyndavél með hljóðnema

Airis minnislykill 2GB



1.990,-

Tölvuljós USB

Airis harður diskur 80GB 2,5"

15.900,-



2.990,-

Tengibox USB 2,0 HUB 4 Port

Fartölvu öryggislás



1.295,-



995,-

Heynartöl með hljóðnema

Skjáhreinsisett fyrir LCD skjá

1.290,-



7.990,-



Afgreiðslutímar

Office 1 Skaifunni 17
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 11-17
Sunnudaga frá 11-17
Sími: 550-4100

Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-14
Sími: 550-4160

Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19
Fimmtudaga frá 11-21
Laugardaga frá 11-18
Sunnudaga frá 13-18
Sími: 550-4140

Office 1 Akureyri
Virka daga frá 10-18
Laugardaga frá 11-16
Sími: 550-4150

Office 1 Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 10-14
Sími: 550-4180

www.office1.is

Office 1 Superstore

USB FISKABÚR

SKEMMTILEGIR JÓLAPAKKAR



A TÍÐ

Íslenska stafrófið

FJÖRUGIR FISKAR
Tengdu búið við tölvuna



SVERRIR HERMANNSSON STOFNADI
FRJÁLSLYNDA FLOKKINN Á ÞESSUM
DEGI 1998

Ég lýg aldrei. Nema
kannski til að gera gaman-
sögu skemmtilegri.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 26. NÓVEMBER 1922

Gröf Tutankamons rofin

Á þessum degi árið 1922 fóru bresku fornleifafræðingarnir Howard Carter og Carnarvon lávarður inn í grafhýsi egyptska faraóans Tutankamons. Þeir urðu fyrstu mennirnir í þrjú þúsund ár til að ganga inn í ótrúlega vel varðveitt grafhýsið. Þar mátti líta þúsundir ómetanlegra muna, þar á meðal líklistu úr gulli þar sem múmía hins unga konungs lá. Carter kom fyrst til Egyptalands árið 1891. Þá var búið að finna mörg hinna fornu grafhýsa, flest af grafaræningjum sem létu greipar sópa. Carter missti

þó ekki móðinn og fann á fyrstu árum tuttugustu aldar grafhýsi Hatshepsut drottningar og



Tutmosis IV konungs. Hann gekk árið 1907 til liðs við Carnarvon lávarð, sem fékk hann til að stjórna uppgrefti í dal konunganna. Menn höfðu litla von um að fleira myndist þar en Carter gafst ekki upp og 4. nóvember 1922 fann hann þrep að inngangi grafhýsis. Carnarvon flýtti sér þá til Egyptalands og þeir félagar voru viðstaddir þegar brotist var inn um dyrnar sem lokuðu innganginum að gröf Tutankamons.

MERKISATBURÐIR

- 1594 Tilskipun tekur gildi um að Grallarann, eða Graduale, skuli nota sem messusöngbók í báðum biskupsdæmunum á Íslandi.
- 1942 Kvikmyndin Casablanca er frumsýnd í Bandaríkjunum.
- 1981 Útgáfa DV hefst þegar Dagblaðið og Vísir sameinast.
- 1981 Veitinga- og skemmtistaðurinn Broadway við Álfabakka í Reykjavík er opnaður.
- 1998 Frjálslyndi flokkurinn er stofnaður og Sverrir Hermannsson kosinn formaður.
- 1992 Tilkynnt er að Elísabet Englandsdrottning ætli sér að borga skatta í framtíðinni.

HELGI ÓLAFSSON: FIMMTUGUR STÓRMEISTARI MÆTIR GÖMLUM ANDSTÆÐINGUM

Grimmar kempur á afmælistóti

Helgi Ólafsson stórmeistari varð fimmtugur í sumar og af því tilefni blása vinir hans og velunnarar til afmælistakákmóts í Reykjanesbæ í dag.

„Ég er mjög ánægður með þetta,“ segir Helgi, fullur tilhlökkunar, en hann mun í dag mæta mörgum gömlum andstæðingum við skákborðið. „Þarna verða flestir stórmeistarar landsins og svo mætir Ivan Sokolov, gamall vinur okkar.“ Sokolov er firna-sterkur serbískur stórmeistari sem hefur margoft sótt landið heim og lagt þung lód á yogarskálur skákvakningarinnar á Íslandi með Skákvakningu Hróknum.

Auk Helga og Sokolovs taka stórmeistararnir Margeir Pétursson, Jón L. Árnason, Friðrik Ólafsson, Jóhann Hjartarson og Friðrik Ólafsson þátt í móttinu. Hendrik Danielsen, Próstur Þórhallsson, Helgi Áss Grétarsson, Lenka Ptacnikova, Róbert Harðarson og fleiri munu svo einnig blanda sér í baráttuna.

Helgi segir því að það megi með sannni kalla þetta stóran góðra vina fund. „Þarna verða samankomnir margir samferðamenn, vinir og fóstbræður. Gamli skólafélagar minir úr Vestmannaeyjum, Árni Sigfússon bæjarstjóri og Ásmundur Friðriksson hafa verið að bræða þetta mót með sér síðan í sumar og ég er auðvitað til í tuskid.“

Helgi hefur oft teflt við Ivan grimma, Sokolov, og segist alltaf hafa gaman af því að mæta honum. „Ég hef verið að vinna hann dálítið undanfarið og það er alltaf jafnskemmtilegt en ég hef það á tilfinningunni að hann verði mjög harður núna.“

Helgi er skólustjóri Skákskólans og hefur það að aðalstarfi að hjálfa upp næstu kynslóðir íslensks skákfélks en er þó ekki alveg hættur að keppa. „Við, þessir gömlu fjórmenningar svokölluðu, Margeir, Jóhann, Jón L. og ég, höfum teflt miklu minna í seinni tíð en ég keppi nú með Taflfélagi Vestmannaeyja. Við erum í öðru sæti núna á miðju keppnistímabili og enduðum í öðru sætinu í fyrra.“

Afmælistakákmóttinu verður lýst beint á sjónvarpsstöðinni Sýn og það er enginn annar en sjálfur Hemmi Gunn sem sér um lýsinguna.

„Við erum miklir vinir og höfum brallað ýmislegt saman,“ segir Hemmi um Helga. „Hann á þetta skilið, ekki síst vegna þess hversu vel hann hefur sinnt unglingsstarfinu í skákinni.“

Hemmi spáir miklu fjöri á móttinu



HELGI ÓLAFSSON Hér er stórmeistari 22 ára gamall, þegar orðinn alþjóðlegur meistari en stórmeistaratitlinum náði hann sjö árum síðar, árið 1985.

og gengur að því vísu að einhverjar flugeldasýningar verði á skákborðunum. „Þeir eru svo flinkir þessir meistarar og vilja allir vera með og það verður gaman að fylgjast með svipbrigðum þeirra enda er þetta sér þjóðflokkur. Þeir eru mikið í sínum heimi en ég slapp þarna inn og nýt þess að

hafa kynnst þessu fólki.“

Afmælistóti Helga Ólafssonar hefst í Listasal Duus-húsa klukkan 12 og stendur til klukkan 16. Keppendur tefla hraðskákir á móttinu og aðgangur að viðburðinum er ókeypis.

thorarin@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,

Sigurbjörn Porleifsson

Mariubaugi 123, Reykjavík,

varð bráðkvaddur föstudaginn 17. nóvember. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 28. nóvember kl. 15.00.

Helga Friða Ingadóttir

Porleifur Sigurbjörnsson

Magna Huld Sigurbjörnsdóttir

Ingi Guðmundsson

Jón Ó. Guðmundsson

Andri Ingason

Sara Huld Ármannsdóttir

Alexander Batt Porleifsson

Catherine Elisabet Batt

Ármann Fr. Ármannsson

Hildur Pálsdóttir

Erla Guðný Gylfadóttir

Birta Ingadóttir

Thelma Huld Ármannsdóttir

Guðný Dís Jónsdóttir



Ólafur Þorláksson

bóndi á Hrauni í Ölfusi,

er látinn. Útför hans fer fram frá Þorlákskirkju í Þorlákshöfn laugardaginn 2. desember kl. 13:30. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeir sem vilja minnast hans eru beðnir að láta dvalarheimilið á Blesastöðum í Árnessýslu njóta þess.

Helga Sigríður Eysteinsdóttir

Þórdís Ólafsdóttir

Guðrún Ólafsdóttir

Hjördis Ólafsdóttir

Ásdís Ólafsdóttir

Þórhildur Ólafsdóttir

Herdis Ólafsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Ólafur Þór Ólafsson

Helgi Ólafsson

Origer Marc Origer

Sverrir J. Matthíasson

Hannes Sigurðsson

Þórhallur Jósefsson



Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa

Andrésar Magnússonar

Kleppsvegi 10, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks á deild B-4 á Landspítalanum í Fossvogi fyrir frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Svava Jónsdóttir

Jóna Andrésdóttir

Edda Andrésdóttir

Gunnar Andrésón

Barnabörn, langafabörn og langalangafabarn.

Sigurður Ingi Ingólfsson

Stefán Ólafsson

Margrét Jónsdóttir

**LEGSTEINAR
OG FYLGIHLUTIR
Í MIKLU ÚRVALI**



Steinsmiðjan **MOSAÍK**

Hammahöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



Þökkum innilega samúð, hlýju og vináttu við andlát og jarðarför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa okkar,

Jóns Guðmundssonar

frá Raufarhöfn.

Þökkum einnig starfsfólki á Seli frábæra umönnun.

Hrefna Friðriksdóttir

Sigurbjörg Jónsdóttir

Friðrik Jónsson

Gissur Jónsson

Börn, tengdabörn og barnabörn.

Þórarinn Stefánsson

Steinunn Leósdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Þorvarðardóttir

Dvalarheimilinu Seljahlíð,

andaðist laugardaginn 11. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Hjartans þakkir til allra sem hafa sýnt okkur samúð og vinarhug.

Eva D. Þórðardóttir

Valdís Þórðardóttir

Þórður Þórðarson

Þorvarður Þórðarson

barnabörn og barnabarnabörn.

Kristján J. Bjarnason

Guðrún Vestars

DÚNDUR **MAX** TILBOÐ



Stebbi og Eyvi
Nokkrar notalegar
ábreiður

1.599 kr.

~~almennt verð 2.199~~



Prison Brake
Season 1
DVD mynd

3.699 kr.

~~almennt verð 5.999~~

1.729 kr.



~~almennt verð 2.199~~

Á móti sól í 10 ár

2.499 kr.



~~almennt verð 3.299~~

Sálín - Gospel

2.499 kr.



~~almennt verð 3.299~~

Björgvinn Halldórsson og sínfó


1.649 kr.

CD

~~almennt verð 2.199~~



3.499 kr.



~~almennt verð 4.999~~

Battlefield 2142


4.999 kr.



~~almennt verð 5.999~~

SIMS 2 PETS

4.399 kr.



~~almennt verð 4.999~~

GTA Vice City Stories

4.999 kr.

Buzz! Junior : Jungle
Party með buzzerum

PS2

~~almennt verð 5.999~~



1.699 kr.



~~almennt verð 2.299~~

Ísöld 2
DVD mynd

3.999 kr.




~~almennt verð 5.499~~

24
Season 5

Petta er ekkert mál
Heimildarmynd um
Jón Pál Sigmarsson

DVD



1.899 kr.

~~almennt verð 2.499~~

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Við erum beint
á móti IKEA**

MAX
RAFTÆKI

MAX / Kaptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

Ódýrt gott Ódýrt gott Ódýrt gott Ódýrt gott

30%
afsláttur

25%
afsláttur



1299 kr. kg.
Gourmet villikryddað lambalæri



Gourmet meyrnuð piparsteik

6 fyrir 4



Jóla engjapykkni

Gille jólasmaakökur verð frá-
149 kr./stk.



3 fyrir 2



Líp ávaxtasafar 1 ltr



Vínber blá
299 kr./kg.

999 kr. stk.
7-up & 7-up Free 2 ltr



Cillit Bang
99 kr./stk.



Campbell's súpur verð frá-
88 kr./stk.

Maískorn 300g
29 kr./stk.



Klementínur
122 kr./kg.

Ódýrt
got
35%
afsláttur

632 kr. kg.
Borgarnes dönsk
grísabógsteik

Ódýrt
30%
afsláttur

1224 kr. kg.
Kea léttreyktur
lambahryggur

Ódýrt
Ódýrt
Ódýrt
435 kr. kg.
Grísabógur reyktur

35%
afsláttur

SPARAÐU STÓRT

30%
afsláttur

Rækja millistærð
468 kr./pk.

Krónu jólasmaakökur
verð frá-
369 kr./pk.

Super niðursuða
99 kr./pk.

Jóla kúlur
margar gerðir
290 kr./pk.

25%
afsláttur

Rifsberjahlaup
168 kr./pk.

Goði skólaskinka
198 kr./pk.

Jólatuskudýr
verð frá
299 kr./stk.



Villibráða pate





HORFTYFIR HAFIÐ Útsýnið frá skrifstofum útgerðarfyrirtækisins Agustson er yfir höfnina og hafið úti fyrir Stykkishólmi.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Hef mjög sterkar taugar til samfélagsins

Rákel Olsen er stjórnarformaður útgerðarfyrirtækisins Agustson ehf. í Stykkishólmi sem er í eigu fjölskyldu hennar. *Sigríður Hjálmaradóttir* heimsótti Rákel í Hólminum og ræddi við hana um fyrirtækið og lífið í Stykkishólmi.

Stykkishólmur liggur undir snjóhulu þegar blaðamaður ber þar að garði og rennir upp að stóru, rauðu timburhúsi, merktu Tang & Riis, þar sem aðsetur fyrirtækisins Agustson ehf. hefur verið síðan 1933.

Rákel tekur á móti blaðamanni og ljósmyndara Fréttablaðsins með kaffi og bakkelsi í notalegu umhverfi þessa gamla húss, sem byggt var árið 1890.

„Tengdafaðir minn, Sigurður Ágústsson, keypti eignir Tang og Riis á uppboði árið 1933 en þá var fyrirtækið hefðbundin bændaverslun,“ segir Rákel um upphaf fjölskyldufyrirtækisins sem gekk undir nafninu Sigurður Ágústsson ehf. þar til um síðustu áramót. „Sigurður hafði verið að vinna fyrir fyrrum eigendur ásamt því að reka eigin útgerð, minka- og refabú. Síðar bættist fleira við reksturinn, til dæmis bifreiðastöð, fiskimjölverksmiðja og bakarí. Það var gjarnan þannig í svona þorpum á þessum tíma að menn voru bara í öllu. Árið 1942 byggði hann frystihús í Hólminum en fór

síðan á þing árið 1949 og hélt rekstrinum áfram með aðstoð góðra manna.“

Kynntust í skátaferð

Eiginmaður Rákelar, Ágúst Sigurðsson, kom frá námi í Bandaríkjunum árið 1957 og tók þá við rekstrinum ásamt öðrum en Rákel kom síðan inn í það með honum eftir að hún kom í Stykkishólmi. „Hann féll síðan frá árið 1993 en hafði átt hugmyndir að mörgum nýjungum sem fyrirtækið tókst á hendur eins og skelveiðum.“

Rákel kynntist Ágústi í skátaskóla við Úlfhljótsvatn en sjálf er hún sjómansdóttir úr Keflavík. „Ég kom til Stykkishólms árið 1963 og byrjaði fljótlega að vinna með Ágústi, manningum mínum, en hann rak þá bíóið á staðnum og lítið veitingahús sem kallaðist Tehúsið og sló alveg í gegn á þessum tíma,“ segir Rákel brosandí. „Ég byrjaði á að vinna með honum í þessu þegar ég flutti í Hólminn, seldi miða í bíó og afgreiddi í Tehúsinu, sem var með allt öðru ívafi en venjuleg sjoppa.“

Rákel segir Ágúst óneitanlega hafa komið með nýja strauma inn í samfélagið í Stykkishólmi. „Hann var í Bandaríkjunum í tvö ár og kynntist ýmsu þar en hann var líka mjög hugmyndaríkur alla tíð. Hann breytti til dæmis versluninni í sjálfsafgreiðsluverslun, sem þótti á þeim tíma mjög framúrsteftulegt.“

Verslunina seldi Sigurður árið 1967 en hélt húsakynnum en í verslunarhúsinu hafa skrifstofur fyrirtækisins alla tíð verið. Um áramótin eru komin fjórutíu ár síðan Rákel hóf störf í þessu skemmtilega húsi sem upphaflega var byggt sem pakkhús fyrir Gramsverslun. „Ég hef sinnt ýmsu hjá fyrirtækinu þessa áratugi og

þrátt fyrir að ég hafi alltaf verið lítið fyrir titla þá er ég nú skráður stjórnarformaður í dag. Ég hef verið mikið í fjármálunum, bókhaldinu og er í raun ekkert óviðkomandi.“

Útrás til Danmerkur

Agustson hefur alla tíð verið í eigu sömu fjölskyldunnar og er Rákel nú eigandi að fyrirtækinu ásamt börnunum sínum. „Það hafa fjórar kynslóðir starfað við fyrirtækið og sú fimmta er að stíga sín fyrstu skref innan þess,“ segir Rákel og heldur áfram: „Þegar Ágúst lést árið 1993 þá komu tvö af börnunum okkar hingað heim; Ingibjörg, sem er í bókhaldinu og fjármálunum með mér og Sigurður, sem tók við framkvæmdastjórnastöðu, en er nú fluttur til Danmerkur og heldur utan um reksturinn okkar þar en er líka að starfa með okkur hér.“

Rákel segir ástæðuna fyrir því að nafni fyrirtækisins var breytt úr Sigurður Ágústsson ehf. í Agustson ehf. vera að fyrirtækið hóf útrás til Danmerkur árið 2002. „Við keyptum þá verksmiðju í Hirtshals á Norðurlandinu. Fyrirtækið var og er að leggja niður skelfiskafurðir í saltlög, sem er þekkt vinnsluáferð í Danmörku. Þetta fyrirtæki vinnur úr 15-16 hundruð tonnum af skelfiskafurðum á ári en kaupir afurðirnar víðs vegar að, til dæmis frá Asíulöndum og Kanada. Útrásin hélt áfram og í fyrria keyptum við fyrirtæki í Vejle,“ segir Rákel en það fyrirtæki heitreykir regnbogaurriða úr 6.000 tonnum á ári. „Þar eru unnin 20-25 tonn á dag af silungi sem kemur lifandi inn í verksmiðjunna en hann er ræktaður af bændum í nágranninu. Þetta er stærsta fyrirtækið í heitreykingu á silungi, að minnsta kosti í Danmörku. Við vinnum silunginn í neytenda-

pakkningar, mest fyrir þýskan markað, en vörurnar fara líka annað.“

Þegar Agustson keypti verksmiðjuna fylgdi henni hús sem ekkert hafði verið notað í nokkur ár. „Þetta var verksmiðjuhús í mjög góðu ásítkomulagi og þangað fluttum við í sumar kaviarverksmiðju sem við höfðum rekið í Stykkishólmi í tuttugu ár,“ segir Rákel en öll þessi fyrirtæki eru í dag rekin undir nafninu Agustson ehf. og Agustson A/S. „Heildarvelta okkar á ári er 3,5-4 milljarðar.“

Skelveiðar bannaðar í Breiðafirði

„Til skamms tíma rákum við rækjuverksmiðju hér í Stykkishólmi en hættum að pilla rækju um síðustu áramót. Núna flytjum við inn pillaða rækju frá Kanada og pökkum henni í smápakkningar fyrir breska og franska smásölukerfi,“ segir Rákel en einnig á fyrirtækið öflugan skelfiskverksmiðju. „Hér hafa þó ekki verið leyfðar skelveiðar um hríð en þetta er fjórða kvótarárið sem skelveiðar eru bannaðar í Breiðafirði vegna hruns í stofninum sem á rætur að rekja til ákveðinnar sýkingar sem varð í stofninum hér.“

Fyrirtækið hefur alla tíð verið í einhverri útgerð og var áður fyrr mikið í bolfiski og saltfiski og rekur í dag eitt línuskip. „Þar sem við rákum kaviarverksmiðjuna áður erum við nú búin að setja upp öflugan saltfiskverkun og erum því farin að vinna saltfisk aftur, fyrst og fremst af þessu línuskipi.“

Hólmari og Keflvíkingur

Þrátt fyrir að vera upprunalega sjómansdóttir úr Keflavík segist Rákel fyrst og fremst líta á sig sem Hólmara í dag. „Ég

kom með því hugarfari að ég yrði hér alltaf, enda var maðurinn minn einkabarn og bundinn rekstrinum og byggðarlaginu. Mér fannst ágætt að koma til Stykkishólms og var ekkert að velta mér upp úr því hvort ég yrði hér stutt eða lengi. Ég bara lét þetta ganga yfir mig og í sjálfu sér leið mér strax vel hér," segir Rakel og bætir því við að hún sé náttúrlega líka Keflvíkingur.

Aðspurð hvernig það hafi verið að koma inn í svona völduga og vel stæða fjölskyldu segir Rakel að hvorki hún né tengdafólk hennar hafi verið neitt að spá í það. „Það hefur eflaust alveg farið framhjá mér ef það hefur þótt eitthvað mál. Það er engin spurning að þau höfðu öll mjög sterkar taugar til samfélagsins hér, bæði maðurinn minn og foreldrar hans, rétt eins og ég geri í dag. Hér er náttúrlega okkar rekstur og fólk sem vinnur fyrir okkur. Auðvitað tengist maður þessu tilfinningaböndum með árunum og mér þykir mjög vænt um samfélagið hér þrátt fyrir að vera ekki fædd og uppalin hér.“

Rakel segir að aldrei hafi annað verið inni í myndinni en að halda áfram eftir að Ágúst, eiginmaður hennar, féll frá. Hún segist aldrei hafa fundið fyrir að vera skuldbundin fyrirtækinu heldur hafi hún gert þetta allt með gleði enda hafi það verið eðlilegur hlutur þar sem hún var það tengd inn í reksturinn.

„Enda er ég örugglega alveg eins mikill Hólmari eins og aðrir hér sem tengjast Hólminum,“ segir Rakel.

Uppbygging

Vardandi framtíðarsýn sína segir Rakel: „Það er náttúrlega bjargföst trú mín og von að skelfisksstofninn eigi eftir að ná sér á strik aftur hér í Breiðafirði og verði aftur sá burðarás sem hann var áður fyrir Hólminn. Það gæti þó tekið tíma og auðvitað getum við ekki setið hér aðgerðalaus og beðið. Við erum að reyna að vinna okkur út úr hlutunum eins og við mögulega getum og það er meðal annars þess vegna sem við setjum á stofn saltfiskverkun til að halda hér uppi atvinnu.“

Rakel segir að þeim sem séu í sjávarútvegi finnist það sjálfsagt og eðlilegt að hlutirnir haldi áfram að ganga enda fylgi því ákveðin ábyrgð að vera handhafar kvótans. „Þess vegna ber okkur að leggja okkar af mörkum til þess að kvótinn geti haldist hér í byggðarlaginu og skapað frekari störf. Sem betur fer er líka margt annað að gerast hérna. Það er mikið byggt, eins og um allt land og margir sem áður unnu við skelbáta eða í skelfisksvinnslu eru núna að vinna við smíðar og ýmis önnur iðnaðarmannastörf þannig að margir sem voru komnir út úr byggingargeiranum eru núna komnir inn í hann aftur.“

Fjölskyldan og fyrirtækið

Rakel segist ekki vera mjög virkur þátttakandi í félagslífinu í Stykkishólmi. „Ég

er reyndar í tuttugu ára gömlu menningarfélagi kvenna sem heitir Emblurnar og er sögu- og menningarlega tengt. Það er sá félagslegur pakki sem ég hef tekið þátt í hér í bænum,“ segir hún og bætir því við að hún hafi alltaf haft mikið að gera enda með stóra fjölskyldu og mikinn rekstur og það tekur að sjálfsögðu heilmikinn tíma. „Lífið hefur snúist aðallega í kringum það, mikið í kringum reksturinn og mikið af gestum í tengslum við hann. Í gegnum árin hefur komið mikið af gestum tengdum rekstrinum, kaupendum, eigendum erlendra fyrirtækja og allt mögulegt, auk kollega hér innanlands. Svo er ég náttúrlega með fjölskyldu og stóran vinahóp en í það fer mestur frítíminn,“ segir Rakel sem reynir þó að sinna áhugamálum eins og lestri, útvíst og fleiru en hún fer til dæmis á skíði og ferðast um landið auk þess að ganga mjög mikið. „Mér leiðist aldrei,“ segir Rakel og heldur áfram: „Ég fer í sund á hverjum morgni klukkan 7 áður en ég fer í vinnuna en í henni er ég til klukkan sex eða sjö á daginn. Svo fer ég bara heim og sinni þeim málum sem ég hef áhuga fyrir. Í raun dugir mér aldrei dagurinn fyrir allt það sem ég hef áhuga á að gera.“

Rakel á sjö barnabörn í dag en á von á því átunda í janúar þannig að það er líka heilmikið til að fylgjast með.

„Ég hef þó verið mjög heppin, alla tíð, því ég hef haft góða hjálp heima auk þess sem tengdamóðir mín var svo sannarlega betri en engin. Hún var lengi í sambýli með okkur og lifði til ársins 1988 og þá voru börnin okkar komnir vel á legg. Þrjú þeirra voru þá komin í burtu í skóla og aðeins sú yngsta heima.“ segir Rakel og bendir á að það sé náttúrlega allt annað að ala upp fjögur börn í svona þorpi heldur en í Reykjavík þar sem foreldrar eru alltaf að skutlast fram og til baka. „St. Fransiskusystur ráku hér barnaheimili og var það ómetanleg hjálp fyrir okkur. Þær tóku líka börn til sumarðvalar frá Suðvesturhorninu í mörg ár. Það er fullt af fullorönu fólki í dag sem hefur verið að segja frá því að hafa verið hér hjá systrunum,“ segir Rakel en systurnar eiga sér mjög merkilega sögu í Stykkishólmi. „Þær hafa alla tíð sett gríðarlega mikinn svip á mannlífið hér í Hólminum. Ég held að það verði aldrei fyllilega þakkað þeirra mikla starf og hvað þær hafa haft mikil áhrif á það hvað Stykkishólmur hefur verið á marga vegu stöðugt samfélag og menningarlegt miðað við stærð. Þær hafa skilað mjög miklu hér út í samfélagið, fyrir utan það að Hólmarar eiga aðgang að sjúkrahúsi sem er heldur ekkert gefið í svona litlu þorpi,“ segir Rakel og



Gömlu húsin áhugaverð

„Ég hef fengið mikinn áhuga fyrir því að gera upp gömul hús, aðallega kannski vegna þess að í okkar eigu eru og hafa verið gömul hús. Við eigum til dæmis Clausensverslun og fylgdi það með í kaupum Sigurðar þegar hann keypti þrotabú Tang og Riis. Í því húsi hófum við Ágúst okkar búskap og Sigurður sonur minn býr þar í dag þrátt fyrir að halda til í Danmörku núna. Síðan hefur þetta bara æxlast einhvern veginn. Ég féll fyrir því að kaupa hús hér sem hefur alltaf gengið undir nafninu Prestshúsið og er byggt árið 1896. Húsið var prestsbústaður hér áður fyrir en dóttir mín býr þar í dag,“ segir Rakel en hún tók einnig þátt í því að gera upp gömlu kirkjuna, sem byggð var 1878. „Það var mjög skemmtilegt verkefni en núna er ég að glíma við að gera upp gamalt hús sem kallast Frúarhúsið og var byggt 1870,“ segir Rakel og viðurkennir að það sé dýrt áhugamál að vera í húsafríðun. „Stykkishólmur er einn af örfáum bæjum sem á enn svona gamlan kjarna af húsum. Einhverja götumynd eða bæjarmynd af svona gömlum húsum. Ég held að fyrir utan hólana og hæðirnar, eyjarnar og eyjasundin þá séu það þessi gömlu hús sem gefa bænum okkar þá sérstöðu sem Stykkishólmur hefur.“

enn eru nokkrar systur að vinna við sjúkrahúsið en þær reka það þó ekki lengur.

Leiðist aldrei

Rakel segir mannlífið í Stykkishólmi vera mjög gott. „Við höfum haft systurnar, grunnskóla, hótél, veitingastaði og ágætis afþreyingu fyrir fólk sem vill taka þátt í félagsstarfi.“

Hér er öflugt kvenfélag, Lionshreyfingin, Emblurnar, menningarfélag kvenna, leikfélag, öflugur kirkjukór, eldri borgarar með mjög öflugt félag sem heitir Aftanskin og ekki má gleyma bókasafninu. Þannig að ég

myndi segja að mannlífið hér sé bara nákvæmlega eins gott og við viljum hafa það. Síðan erum við náttúrlega með þessa yndislegu sundlaug sem er frábær búbot fyrir svona samfélag. Mjög öflugt íþróttastarf og margt fleira þannig að hér þarf engum að leiðast.

Það er náttúrlega alltaf undir manni sjálfum komið hvað maður vill taka þátt í mörgu því auðvitað er maður ekki heldur neitt skyldugur til neins. Ef maður er við góða heilsu þá hefur maður bara ekkert leyfi til að láta sér leiðast,“ segir hin kraftmikla útgerðarkona, Rakel Olsen í Stykkishólmi. ■

“Ég hef sinnt ýmsu hjá fyrirtækinu þessa áratugi og þrátt fyrir að ég hafi alltaf verið lítið fyrir titla þá er ég nú skráður stjórnarformaður í dag.”



Komdu tímanlega með jólapakkana



Síðasti öruggi skiladagur

á jólapökkum til landa utan Evrópu er mánudagurinn

4.12.

á jólapökkum til Evrópu er þriðjudagurinn

12.12.

á jólapökkum innanlands er miðvikudagurinn

20.12.

Finndu pósthúsið næst þér á www.postur.is

SKÁLDSÖGU

„Ólafur Jóhann er vaxandi rithöfundur þessi bók er með hans betri verkum“

Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.

„Ólafur Jóhann er gjörhugull höfundur með óvenjulegar stílgáfur.“

Páll Baldvin Baldvinsson, Fbl.

„Snjallar og vandaðar smásögur.“


Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós

„Maður getur ekki hætt að lesa ... sögurnar tvinna saman spennu, sorg og tilfinningalífi fólks á **meistaralegan máta** svo úr verður verk sem hefur alla burði til að geta höfðar til ólíkra lesenda.“

★★★★★ *Óttar M. Norðfjörð, DV*



Ólafur Jóhann Ólafsson



„Óbærilega spennandi“

„Merkasta skáldsaga Braga Ólafssonar til þessa.“

Þorgerður E. Sigurðardóttir, bokmenntir.is

„Besta íslenska skáldsaga sem ég hef lesið lengi.“

Kolbrún Bergþórsdóttir, Blaðið

„Sögur Braga eiga eitthvað í manni eftir að lestrinum lýkur ... Frábær saga.“

★★★★★ *Kristrún Heiða Hauksdóttir, Fbl.*

„Sendiherrann er nær óbærilega spennandi ... veitir mikla lestraránægju.“

Geir Svansson, Mbl.



Bragi Ólafsson

Djörf og einlæg

„Sagan er býsna vel spunnin ... höfundi tekst að byggja upp mikla spennu milli aðalpersónanna ... Feimnismál er **lipurlega skrifuð** skáldsaga og mannlýsingar hennar eru með ágætum.“

Skafti Þ. Halldórsson, Mbl.



Sigrún Davíðsdóttir




SOKKABUXNAMÓDEL, VÍSKÍ OG MURAKAMI

„Áræðin og grípandi skáldsaga eftir kjarkaðan höfund.“

Kári Gunnlaugsson, kistan.is



Sölvi Björn Sigurðsson



RÁRSINS



„Mögnuð og trúverðug“

Írónísk, launfyndin, **bókmenntaleg spennusaga**. ***

★★★★ Jón Yngvi Jóhannsson, *Kastljós*

„Konungsbók er **viðburðarík og spennandi** saga“

Silja Aðalsteinsdóttir, *tmm.is*

„Arnaldur hefur góð tök á frásagnartækni ... **lesturinn er góð skemmtun**.“

Katrín Jakobsdóttir, *Mbl.*

„Með verki sínu tekst Arnaldi bæði að vekja nýjar kynslóðir Íslendinga til vitundar um mikilvægi þeirra gríðarlegu menningarverðmæta sem okkur hefur verið trúað fyrir - um leið og hann notar hugmyndirnar og tilfinningarnar sem afgangi fyrir **magnaða og trúverðuga spennusögu** í samtíma okkar.“

Gísli Sigurðsson, *rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar*



Arnaldur Indriðason



1.
ALLAR BÆKUR
Metsölulisti Mbl.
24. nóv.

1.
ALLAR BÆKUR
Penninn Eymundsson
og Bókabúðir MM
20. nóv.



Auður Jónsdóttir

Sterk og áleitinn

Gísella Dal lifir fullkomnu lífi, þar til dag einn að hún fær þær fréttir að ríkulegur arfur ömmu hennar sé uppurinn og að hugsanlega þurfi hún að fórna öllum sínum lífsstíl. Þá hugkvæmist henni að fá sér leigjendur ...

Tryggðarpantur er **áleitinn og grátbrosleg samtímasaga** þar sem teflt er saman ólíkum heimum og spurningum varpað fram um lífsgildi, lífsviðhorf – og lífsblekkingu.

7.
SKÁLDVERK
Penninn Eymundsson
og Bókabúðir MM
20. nóv.

10.
SKÁLDVERK
Metsölulisti Mbl.
24. nóv.



Kristín Steinsdóttir

„Ótrúlega mikil saga“

„Kristín skrifar knappan, hæfilega ljóðrænan stíl, og notar hann til að koma **ótrúlega mikilli sögu** til skila.“

Úlfhildur Dagsdóttir, *bokmenntir.is*



9.
SKÁLDVERK
Metsölulisti Mbl.
24. nóv.

10.
SKÁLDVERK
Penninn Eymundsson
og Bókabúðir MM
20. nóv.

Indjáninn - skálduð ævisaga

„Nöturleg og fyndin ... Lesendum er margsinnis skemmt í þessari vel hugsuðu sögu, þeir finna sárt til aðstæðna drengsins. Jón hefur fullan sóma af þessu verki sínu.“

★★★★ Páll Baldvin Baldvinsson, *FrbL.*



Jón Gnarr

Löngunin til að líta nyrsta odda Evrópu, Nordkap í Noregi, togar sterkt í margan ferðafíkil nútímans. En færri vita að talsvert á fjórða hundrað ár eru liðin síðan sú löngun dró fyrsta ferðamanninn á þennan afskekktu tanga langt norðan heimskaupsbaugs. Það var Ítalinn Francesco Negri (1624-1698). Honum fannst sérkennilegt að Evrópumenn hans samtíma skyldu í öllu landafunda- og landkönnunaræðinu sinna því eins lítið og raun bar vitni að kanna eigin heimsálfu. Hann lagði land undir fót (bókstaflega) árið 1663 og komst um haustið 1664 til Nordkap. Heim kominn til Ítalíu skrifaði hann lært rit um ferð sína sem kom út árið 1700, að honum látnum. Hann er talinn fyrstur manna hafa heimsótt nyrsta odda Evrópu sem ferðamaður.

Liðlega 340 árum síðar lét Hjörtur Jónasson, farskipastýrimaður uppi á Íslandi og áhugamaður til margra ára um klassísk bresk mótörhjól, draum sinn um að ferðast norður til Nordkap verða að veruleika. Og gott betur en það. Hann ók þangað frá Danmörku og síðan sem leið lá suður eftir álfunni, um Eystrasaltlöndin og Pólland alla leið til upprunaslóða Francesco Negri á Adria-hafsströnd Ítalíu. Þar með var ferðalaginu reyndar ekki lokið því hann ók aftur norður til Danmerkur, samtals rúmlega 10.000 kílómetra leið.

767 kílómetrar á dag

Og farkosturinn var ekki af verri endanum: Triumph Trident árgerð 1975. Triumph „Þristurinn“ (nafnið Trident vísar til þriggja strokka vélarinnar) var síðasta hjólið sem hinar fornfrægu Triumph-verksmiðjur þróðu áður en þær þurftu að játa sig sigraðar fyrir japönsku samkeppninni fáeinum árum síðar. Það má því segja að farkosturinn hafi fengið það í þrítugsafmælisgjöf að vera stýrt þessa tíu þúsund kílómetra eftir þjóðvegum Evrópu, yfir álfuna endilanga.

Hjörtur segir sig lengi hafa dreymt um að fara þessa leið og loks látið verða af því sumarið 2005. „Ég var búinn að ganga með þetta í maganum lengi en eiginlegur undirbúningur fór ekki í gang fyrir en um vorið, þannig séð á síðustu stundu,“ segir hann. „Vélin í hjólinu var tekin upp og hjólið allt yfirfarið – ég safnaði saman varahlutum og viðlegubúnaði, en eins og nærri má geta þarf að hugsa það vel hvað maður tekur með sér í svona ferð.“

Auk viðlegubúnaðar, varahluta og vista þurfti hann að hafa með sér fót bæði fyrir hita og kulda. „Hitinn fór niður í þrjár gráður norður við Nordkap en upp í 38 gráður þar sem ég lenti í hitaþylgju á leiðinni í gegnum Slóvakíu. Það reyndist líka alveg nauðsynlegt að hafa regngalla meðferðis,“ segir Hjörtur.

Ferðaáætlunin var á þessa leið: Hjólið var sent með fragtskipi frá Reykjavík til Árósa með nokkrum fyrirvara, en þaðan var síðan lagt upp í ferðina þann 22. júlí. Áætlunin var að þeysa norður til Nordkap á þremur dögum, þ.e. beint strik norður eftir Svíþjóð og Norður-Finlandi áður en ekið var inn í Noreg á síðasta kaflanum að nyrsta odda álfunnar. Hjörtur útskýrir að það hefði verið miklu seinfarnara að fara í gegnum Noreg alla leiðina.

„Áætlunin var að vera kominn til Rimini sunnudaginn 31. júlí en þar beið fjölskyldan og hálfsmánadar afslöppun. Áætlunin stóðst – ég var kominn í hádeginu þann dag upp að hótelinu þar,“ segir Hjörtur glettinn á svip, enda þýðir það að hann ók 7.289 km vegalengd á níu og hálfum sólarhring. Sem er 767 km að meðaltali á sólarhring.

Nauðsveigt framhjá hreindýrum

Það sem rak á eftir honum fyrstu dagana var líka rigningin, sem dundi á honum nánast látlaust frá því hann lagði af stað frá Danmörku – með því að hraða sér í gegnum hana vonaðist hann til að komast út úr henni – en varð ekki kápan úr því klæðinu: það rignði



Í 33 STIGA HITTA í Monte Carlo í ágústhita á leið aftur norður.

LJÓSMYND/HJÖRTUR

Evrópa endanna á milli á þrítugum Þristi

Margur ferðaglaður Íslendingurinn lætur sig dreyma um að komast einhvern tíma ævinnar á nyrsta odda Evrópu. En að aka þangað á þrjátíu ára gömlu mótörhjólí dettur fáum í hug, hvað þá að framkvæma það. En það er einmitt það sem **Hjörtur Jónasson** gerði – og gott betur því hann ók líka alla leið suður að Miðjarðarhafinu og aftur norður. Hann sagði *Auðuni Arnórssyni* ferðasöguna.

meira og minna alla leiðina til Nordkap og þaðan til Helsinki. Þar norður frá gekk á með skúrum en það hellirigndi á leiðinni suður í gegnum finnsku skógana.

„Úrhellið var þannig að ég ók framhjá mörgum bílum stöpp í útskotum frá malbikuðum þjóðvegum þar sem rúðuburrurnar höfðu ekki undan. Ég varð auðvitað holdvotur í gegnum allt, en þar sem þetta var hlý rigning kom það lítið að sök. Ég valdi að minnsta kosti frekar að keyra sem hraðast í gegn um þetta, enda orðinn leiður á að pakka saman rennbilum útilegubúnaði,“ segir Hjörtur. Hann bætir við að ekki hefði verið nóg með að hann sjálfur væri votur inn að beini heldur fylltust líka stefnuljósín af vatni! Loftkældri Triumph-vélinni varð þó ekki meint af.

„Hættulegast var þó að á vegunum þarna norður frá stökku hreindýr gjarnan fyrirvaralaust upp á veginn, en það er yfirleitt mjög erfitt að koma auga á þau fyrir skóginum. Einu sinni munaði mjög mjóu, ég hefði getað gripið í hornin á einu hreindýrinu sem ég þurfti að nauðsveigja framhjá – og var þá kominn yfir á öfugan vegarhelming,“ segir Hjörtur. „Þá var gott að vera með „ABS“ – Antique Brake System,“ bætir hann við kíminn.

Ekið um gamla sovétvegi
Úrhellið var mest á leiðinni í gegn-

um skógana í Suður-Finlandi en það stýtti upp þegar til Helsinki var komið – „þar fór ég beint í ferju yfir til Tallinn í Eistlandi,“ heldur Hjörtur ferðasögunni áfram. „Þar var komin heiðríkja og sól.“ En mestu viðbrigðin við að koma yfir í Eystrasaltlöndin – sem voru hluti af Sovétríkjunum frá seinni heimsstyrjöldinni til ársins 1991 – voru vegakerfið. „Það er hræðilegt ástand á því víða ennþá. Það eru alls staðar framkvæmdir í gangi við endurnýjun og betrubætur veganna

eftir áratuga viðhaldsskort. Sem flýtir ekki för ferðalangs,“ segir hann. Það hafi hins vegar ekki reynst neitt vandamál að rata. „Enda var ég með þokkaleg kort og GPS-tæki.“

Í trukkaumferð í 15 sm hjólförum

Þegar Hjörtur ók í gegn um löndin þar eystra varð hann var við að framförum er misskipt. „Í dreifbýlinu er eins og tíminn hafi staðið í stað.“ Á nýlögðum hraðbrautarspottum í Litháen rakst hann aftur á móti á nokkra stráka á

dýrum nýjum kappakstursmótörhjólum að leika sér, spóla í hringi og spyrna á ofsahraða, með hraðbrautina sem einkaleikvöll.

Næsti áfangi var frá Kaunas í Litháen til Krakár í Suður-Pólandi. Það reyndist ekkert mál að komast yfir landamærin inn í Pólland. En það reyndi mjög á demparana í hjólinu að skrölta yfir pólsku þjóðvegina; þeir voru í afleitu ásigkomulagi,“ segir Hjörtur. „Á leiðinni flæktist ég inn í miðborg Varsjár, inn í mitt öngþveitið. Það tók svolítið á taugarn-



SPÓLAÐ Í LITHÁEN Á nýlögðu hraðbrautarmalbiki í Litháen, sem leiðin lá um, léku piltar af nýríkum heimilum sér að því að spóla í hringi á dýrum nýjum racer-hjólum.



Í 3JA STIGA HITTA Tjaldað við Nordkap í þoku og þriggja stiga hita. LJÓSMYND/HJÖRTUR



”

Hættulegast var þó að á vegunum þarna norður frá stukku hreindýr gjarnan fyrirvaralaust upp á veginn, en það er yfirleitt mjög erfitt að koma auga á þau fyrir skóginum.

ar, enda komst ég að því að umferðarmeningin í Póllandi er ekki ósvipuð því sem hún er á Íslandi – menn leggja mikið á sig til að komast bíllengd fram fyrir náungann og gefa enga sýna. Svo er mikil vörubílaumferð á þessum vondu vegum. Hjölförin eru 10-15 sm djúp sem getur verið mjög hættulegt mótorhjólum. Ég prísaði mig sælan að það skyldi ekki rigna þar!”

Í hitabylgju í Tatrafjöllum

Eftir þessa taugatrekkjandi reid eftir þjóðvegum Póllands hvíldist Hjörtur eina nótt á tjaldstæði í Kraká. „Þar fór þetta að verða skemmtilegra – vegirnir orðnir góðir og landslagið fjölbreyttara,” segir hann. Leiðin yfir Tatrafjöllin, milli Póllands og Slóvakíu, var sérstaklega falleg. Næsti áfangi lá frá Kraká til Kärnten í suðurhluta Austurríkis. „Það var skollin á hitabylgja þarna og ég ók frá Kraká til Bratislava í Slóvakíu í yfir 30 stiga hita. Leiðin lá í gegnum fjallaþorp og fallega náttúru. Þarna í fjöllumunum í Slóvakíu tók ég smákrók til að kíkja á bæinn Ruzomberok (sem eitt sinn hét Rosenberg upp á þýsku).“ Svo lá leiðin til Bratislava, sem er niðri á sléttunni við Dóná, um 60 km frá Vín.

„Mér fannst ég vera aftur kominn yfir í menninguna þegar ég var kominn til Austurríkis,” segir Hjörtur. „Ég var kominn suður fyrir borgina Graz sunnarlega í Austurríki þegar myrkur skall á og ég fann mér þægilegan grasbala til að sofa í, enda veðrið gott,” segir Hjörtur.

Síðasti áfangi þessa leggs ferðarinnar var svo úr grasbalanum í Kärnten til Rimini við ítölsku Adríahafsströndina, í gegn um Alpana. „Ég var þá byrjaður að þreytast og þeysti eftir hraðbrautinni það sem eftir var,” viðurkennir ferðalangurinn. Við tóku hvíldardagar á sólarströnd í faðmi fjölskyldunnar.

Hringnum lokað

Tveimur og hálfri viku síðar var aftur haldið af stað áleiðis norður eftir, en í þetta sinn vestar. „Ég ók þvert yfir fjöllin í Toskana, í gegnum Flórens til Pisa. Þaðan meðfram ítölsku Rívíerunni, í gegnum Genúa og gisti í San Remo.

Þaðan ók ég áfram eftir frönsku Rívíerunni, um Mónakó og Nice og sveigði síðan upp í frönsku Alpana hjá Grasse,” segir hann. „Þetta er skemmtileg leið þarna norður eftir, í vesturjaðri Alpana í Suðaustur-Frakklandi. Ég tjaldaði í litlum bæ sunnan við Grenoble.“ Þaðan lá leiðin til Genf í Sviss. Þar var byrjað að rigna aftur.

„Ég ók í gegnum Sviss einmitt þegar allra mest úrkoman var þar í ágúst, aurskriður og tjón. Ég ætlaði að drifa mig í gegnum rigningsræðið en það reyndist endast alveg norður eftir öllu Þýskalandi. Þegar ég var kominn í gegnum Sviss yfir landamærin að Þýskalandi valdi ég að fylgja þjóðvegi B3 norður eftir. Hann liggur þvert norður eftir öllu landinu og er fjórföld hraðbraut á köflum.“

B3-þjóðvegurinn endaði norður við Stade. „Ég tók svo ferju yfir Saxelfi frá Wissenhafen til Glückstadt, en þar með var ég kominn langleiðina til Danmerkur. Næsti áfangastaður var Álaborg á Norður-Jótlandi. Hjólið fór svo aftur í skip í Árósum. Og ég flaug heim. Heildarflómetrafjöldinn var 10.126,” segir Hjörtur, ánægður með að hafa látið drauminn rætast.

Spurður um kostnaðinn við ferðalagið segir Hjörtur að vissulega hafi hann verið töluverður, en hann hafi ekki neynt að standa í því að leita styrktaraðila og því borgað allt úr eigin vasa.

En hvernig var ástandið á þrjátíu ára gömlum véláknum eftir þessa maraþon-yfirreið? „Hjólið stóðst þessa prófraun með þryði,” segir Hjörtur. Ekkert gaf sig. Vélin var farin að leka smá olíu undir restina, annað ekki. Í Finnlandi varð það óhapp að hjólið lagðist fullklyfjað á hliðina þegar til stóð að smyrja keðjuna. Það olli ekki neinum teljandi skemmdum en það var hins vegar ekki hlaupið að því fyrir einn mann að ná hjólinu aftur á réttan kjöl með allar klyfjarnar. Á köflum, í umferðarteppum í miklum hita, svo sem í Suður-Frakklandi, fór ekki hjá því að loftkæld vélin hitnaði meira en góðu hófi gegndi. En enski öldungurinn lét það ekki á sig fá og skilaði knapa sínum heilum á leiðarenda. ■

Viðskiptahugbúnaður sem vex með þér!

Nú býðst þér einstakt tækifæri til að eignast viðskiptahugbúnað sem getur vaxið með þér og þínu fyrirtæki!

Fullkominn viðskiptahugbúnaður fyrir aðeins
123.210 kr.*
Tilboðið gildir til 21. des.

Við hjá Landsteinum Streng höfum mikla reynslu af sölu, þjónustu og þróun viðskiptahugbúnaðar fyrir íslenskan markað. Nú höfum við sett saman tilboð sem er sérsmíðað að þörfum minni fyrirtækja og tryggir þér viðskiptahugbúnað sem getur vaxið með fyrirtækinu án nokkurra takmarkana.

Tilboðið samanstendur af nokkrum grunneiningum úr Microsoft Dynamics NAV og uppfyllir allar helstu þarfir hvaða fyrirtækis sem er. Þessar einingar eru:

Fjárhagsbókhald	Birgðabókhald
Sölureikningar	Forðabókhald
Bankareikningar	Eignakerfi
Viðskiptamanna- og sölubókhald	Starfsmannahald
Lánardrottna- og innkaupakerfi	Tengslastjórnun (CRM)

Með þessum grunneiningum er þér tryggður viðskiptahugbúnaður sem hentar sérstaklega vel minni fyrirtækjum sem þurfa að halda utan um viðskipti sín á auðveldan en skipulagðan hátt. Við þennan grunn er síðan hægt að bæta fjölda sérkerfa eftir þörfum.

Þeim sem nýta sér þetta sérstaka tilboð býðst 50% afsláttur af Innheimtakerfi, Launabókhaldi og Tollakerfi.

Tryggðu þér traustan grunn og hafðu samband við söludeild okkar í síma 550 9000. Tilboðið stendur til 21. desember.

50%*
afsláttur af
Tollakerfi
Launabókhaldi
Innheimtakerfi

Microsoft Business Solutions
Global ISV Partner of the Year 2005

Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar í fleiri en 11.600 verslunum með yfir 28.000 afgreiðslukössum víðsvegar um heim. Meðal ánægðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Booths stórmarkaðina, Alliance Pharmacy og Concept Sports International (EM 2004, ÓL í Aþenu árið 2004).



Landsteinar Strengur

Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.ls.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

*Verð er án vsk. og vélbúnaðar. **Gildir fyrir fyrirtæki með allt að fimm samtalanotendur.

Er alltaf að fela mig

Bragi Ólafsson er meistari vandræðalegheitanna, stigmagnandi tíðindaleyfis og nagandi sjálfsefa – í góðum skilningi. Í Sendiherranum er hann á nýjum slóðum og þykir gefa meira færi á sér en áður. **Bergsteinn Sigurðsson** ræddi við Braga um reynslu hans á ská, óttann við opinberun og kvíðaköst.

Aheimili sínu við Suðurgötu situr Bragi gegnt blaðamanni við stofuborð. Á borðinu liggur meðal annars eintak af nýjstu bók Braga, Sendiherranum – sögu Sturlu Jóns Jónssonar, húsvarðar og ljóðskálds, sem fer í afdrifaríka ferð á ljóðahátíð í Litháen. Er ráðlegt að byrja viðtal á því að spyrja rithöfund hvað hann sé að fara í verki sínu? „Þú getur svo sem spurt en þú færð ekkert svar,“ segir Bragi kíminn.

Hann fellst þó á að í bókinni sé hann á nýjum slóðum. „Hingað til hef ég meira og minna einblínt á míkróheim einnar persónu en í þetta sinn hefur umfjöllunarefnið breiknað. Ég held að það skipti máli að karakterinn er eldri en þeir sem ég hef skrifað um og þetta er meiri fjölskyldusaga, hún lýrir að minnsta kosti í bakgrunninum.“

Hann viðurkennir líka að í bókinni sýni hann meira af sjálfum sér en áður. „Líklega vegna þess að hún er um rithöfund. Óhjákvæmilega hljóta hugsanir – sérstaklega aðalpersónunnar – að koma frá höfundinum. Ég byggi söguna líka á ská á minni eigin reynslu; fyrir ári var ég sjálfur á ljóðahátíð í Litháen og ákvað að nýta mér þá reynslu. En þótt margar af hugsunum Sturlu séu mínar eigin reyndi ég að þurrka út öll líkindi milli okkar og upplifi hann sem mjög ólíkan mér. Við eigum þó hitt og þetta sameiginlegt, höfum til dæmis báðir hlustað á Rod Stewart og hálfskömmumst okkar fyrir það.“

Opinberar sig algjörlega

Bragi segir að þegar hann fékk

hugmyndina að Sendiherranum í október í fyrra hafi hann strax fundið að hann var tilbúinn að skrifa hana. „Bókin er í grunninn fjórar hugmyndir sem ég stefndi saman. Mig langaði meðal annars að velta upp spurningunni um eignarrétt á texta, maður er jú alltaf að teygja sig í eitthvað sem maður á ekki sjálfur, og í manns eigin skrifum er alltaf spurning hvað kemur mikið frá manni sjálfum og hvað frá öðrum. En mig langaði líka að velta fyrir mér mikilvægi – eða lítillvægi – ljóðlistarinnar. Maður er alltaf í svo miklum efa með hana. Ég er alltaf að setja mig í stellingar til að fara að yrkja aftur. En mér hefur ekki tekist það; stundum finnst mér það vera fánýtt og stundum finnst mér ég hreinlega ekki ráða við það.“

Sem leiðir hugann að einu höfudeinkenna á bókum Braga – hinum undirliggjandi kvíða, óttanum við það sem fram undan er. Hann játar að sjálfur sé hann kvíðinn. „Það er alls konar kvíði sem herjar á; maður óttast að standa sig ekki, bæði gagnvart öðru fólki og að maður geri ekki eitthvað úr sjálfum sér. En ég er sérstaklega slæmur hvað bækurnar snertir og viðtökur þeirra. Maður opinberar sig algjörlega í bók, þó að ég sé um leið að fela mig. Ég fékk til dæmis vægt taugaáfall þegar fyrsta skáldsagan mín kom út; var fluttur með kvíðakast upp á spítala og fékk viðeigandi lyf. Sagan endurtók sig svo þegar Gæludýrin komu út. Það er krafan um að standa sig, að eyða ekki of miklum tíma í eitthvað misheppnað. En ég er líklega rólegri núna en áður, maður verður það óneitanlega með aldrinum.“



BRAGI ÓLAFSSON Ég er alltaf að setja mig í stellingar til að fara að yrkja aftur. En mér hefur ekki tekist það; stundum finnst mér það vera fánýtt og stundum finnst mér ég hreinlega ekki ráða við það.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Léttir þegar Sykurmolarnir hættu

Þetta hefur verið mikið afmælisár fyrir Braga; fyrir réttum 20 árum gaf hann út sitt fyrsta verk, ljóðabókina Dragsúg, og sama ár slógu Sykurmolarnir svo rækilega í gegn að ekki varð aftur snúið. Bragi gat þar af leiðandi ekki einbeitt sér fyllilega að skriftum fyrr en eftir að hljómsveitin lagði upp laupana en lítur þó ekki á óvænta velgengni Sykurmolanna sem dragbit á feril sinn sem rithöfundur.

„Ég hafði ekki séð fram á neina ákveðna rithöfundarbraut þá. Ég ætlaði að halda áfram að skrifa en 24 ára sá ég ekki fram á að eiga eftir að sitja og yrkja milli níu og fimm. En frá því ég var unglingur hafði ég alltaf grufað í textum og tónlist samhlíða og þannig náð að sameina áhugamál mín, tónlist og skriftir. Sykurmolarnir og Smekkleysa tóku hins vegar allan okkar tíma og því er ekki að neita að þegar leið á var ég orðinn þreyttur á þessum eilífu ferðalögum, tímanum sem fór til einskis í stúdíóinu og allri þessari bið sem fylgir tónlistarbransanum. Mig var farið að klæja í að geta skrifað meira og þess vegna var það léttir þegar Sykurmolarnir hættu.“

Bragi segir að af og til hafi það bankað upp á að nota árin með Sykurmolonum sem efnivið í sögu. „En þegar ég máta það við mig finnst mér það ekki passa. Sykurmolarnir voru svo sem ekki djúpt í rokklifnaðinum sem svo mikið hefur verið skrifað um, eiturlyfin og sukkið, og mér hefur aldrei fundist þetta heillandi. Ég gæti kannski hugsað mér að gera mér mat úr þessu með einhverjum skringilegum formerkjum. Ég sé fyrir mér á sviði, ekki endilega bók, eitthvað sem hefur með búsingsherbergi hljómsveitar að gera. Það myndi ekki fjalla um tónlistina, heldur eitthvað sem gerist milli þess hóps baksvíðs. Það er eitthvað við þá hugmynd sem ég er hrifinn af.“

Gölluð bókmenntaverðlaun

Tvisvar á jafnmörgum árum hefur spunnist mikil umræða um íslenskar bókmenntir, sér í lagi Íslensku bókmenntaverðlaunin og agnúa á þeim, þar sem skáldsaga eftir Braga var sett í forgrunn. Eiríkur Guðmundsson, útvarpsmaður og rithöfundur, notaði það sem dæmi um augljósan galla á Íslensku bókmenntaverðlaununum að bók á borð við Samkvæmisleiki skyldi ekki vera tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2004. Í fyrra tók Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur upp þráðinn þar sem frá var horfið. Hann hélt því hins vegar fram að Samkvæmisleikir hefði ekki staðið undir lofinu sem á hana var borið og væri skýrt merki þess að íslensk menningarumræða væri á villigötum.

Bragi segir að það hafi verið sérstakt að fylgjast með hvernig bók eftir hann var gerð að miðpunkti umræðu sem snerist um eitthvað annað og meira. „Ég er reyndar stoltur af því. Auðvitað vill maður að það verði umræða um bækur manns og það gildir einu þótt sú umræða sé vond, svo lengi sem maður er viss um gildi bókarrinnar sjálfur. Í þessu tilfelli kom umræðan sér vel fyrir mig og útgefandann; það hlakkaði í rauninni í mér því á endanum græddi ég bara á þessu.“

Hvað bókmenntaverðlaunin snertir þá held ég að ég sé hreinskilinn þegar ég segi að ég hef aldrei gert ráð fyrir að bækurnar mínar séu tilnefndar til verðlauna. Útgefandinn minn var hins vegar svekktur og mér þótti þetta léitt fyrir hans hönd. En þetta vakti enn meiri umhugsun um þessi bókmenntaverðlaun, sem mér sannarlega finnst vera gölluð og mætti breyta.“

Leyfir hugsunum að gerjast
Bragi kveðst vera með nokkrar hugmyndir til að vinna úr næst en hefur ekki hugmynd um hver þeirra verður ofan á. „Það má vera að í augnablikinu sé ég orðinn fullsaddur á þessum heimi sem ég hef verið að vinna með síðasta árið, og hef hugsað mér að skoða betur, en verð kannski orðinn spenntur aftur eftir tvo mánuði. Yfirleitt líður hálfur annar mánuður frá því maður gefur út bók þangað til maður byrjar að skrifa á fullu aftur en á þeim tíma er maður frjór og opin, hripar niður alls konar hugmyndir í minnisbókina. Svo fær maður kannski góða hugmynd og byrjar að vinna með hana en hendir henni svo til hliðar og byrjar á einhverju allt öðru. Sem er ágætt, þá fá hlutirnir að halda áfram að gerjast.“ ■

HARD FUN REAL LIFE

Nám í Danmörku
Margmiðlunarhönnun

Tveggja ára akademískt nám sem inniheldur

- Margmiðlunarpróun
- Skapandi hönnun
- Samskipti og markaðssetningu
- Verkefnastjórnun og internetviðskipti (e-business)

Alþjóðlegt nám

- Nemendur frá Norður-Evrópu
- Kennsla á ensku
- Engin skólagjöld
- Verkefni sem fela í sér að vinna með alvöru fyrirtækjum til að styrkja reynslu þína
- Velfangsferð til San Francisco
- Hópvavinna í hverri viku

Önnin byrjar 22. janúar 2007

Frekari upplýsingar á www.noma.nu

Kynningarfundur í Reykjavík
Þriðjudaginn 5. desember 2006 kl. 15.00
Radisson SAS Saga Hotel, Hagatorgi,
Reykjavík 107
Skráning á: meeting@noma.nu

NoMA er margmiðlunarskóli sem að er staðsettur í bænum Kolding á Jótlandi. Brautin heyrir undir danska menntamálaráðuneytið.

”

Maður opinberar sig algjörlega í bók, þó að ég sé um leið að fela mig. Ég fékk til dæmis vægt taugaáfall þegar fyrsta skáldsagan mín kom út; var fluttur með kvíðakast upp á spítala og fékk viðeigandi lyf.

.....

TÆKNIVIT OG SKAPANDI HUGSUN

Guðný Káradóttir er framkvæmdastjóri Gagarín, leiðandi fyrirtæki í heimi margmiðlunar á Íslandi

ATVINNA 8



allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

Deloitte. MANNAUÐSSTJÓRI

Deloitte er leiðandi þekkingarfyrirtæki. Á Íslandi eru starfsmenn fyrirtækisins um 200 víðsvegar um landið, en á alþjóðavísu eru starfsmenn Deloitte um 135.000. Fyrirtækið veitir þjónustu á sviði endurskoðunar, reikningskila, skatta- og lögfræðiráðgjafar og fjármálaráðgjafar. Fyrirtækið leggur metnað í að vera viðurkennt fyrir faglega forystu á sviði endurskoðunar og ráðgjafar. Það leitast við að bjóða starfsmönnum sínum upp á sveigjanlegan vinnutíma, gott starfsumhverfi og metnaðarfulla alþjóðlega endurmenntun.

Starfssvið

- Stefnumótun á sviði mannauðsmála
- Fræðslu- og símenntunarmál
- Starfsþróun
- Starfsráðningar og móttaka nýliða
- Almenn framkvæmd starfsmannastefnu
- Önnur verkefni sem tengjast mannauðsmálum



Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf, kostur á sviði mannauðsstjórnunar
- Starfsreynsla á sviði stjórnunar- og mannauðsmála
- Góð enskukunnátta skilyrði
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Vilji til ákvörðunartöku, frumkvæði og kraftur til þess að hrinda hlutum í framkvæmd



Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Rektor á Bifröst



Háskólinn á Bifröst á sér 88 ára sögu sem stjórnendaskóli á breiðum grundvelli. Hlutverk hans er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í viðskiptalífi og samfélagi, jafnt í innlendu sem alþjóðlegu umhverfi. Bifröst vill veita hæfum einstaklingum sem búa yfir sköpunargleði, frumkvæði og samskiptahæfni tækifæri til háskólanáms sem hentar þeirra þörfum. Við inntöku nýrra nemenda leitast háskólinn við að veita jöfn tækifæri til náms, óháð kynferði, aldri, efnahag, fítlun eða búsetu og skapa þannig fjölbreyttan hóp nemenda með ólíkan bakgrunn, menntun og reynslu.

www.bifrost.is

Háskólinn á Bifröst óskar eftir að ráða rektor til starfa.

Starfssvið

- Rektor annast stjórnun og rekstur háskólans í umboði stjórnar og ber ábyrgð gagnvart henni. Hann ber ábyrgð á að starfstilhögun öll sé í samræmi við hlutverk, markmið og gæðakröfur.
- Rektor ábyrgist öll fjármál háskólans í umboði stjórnar.
- Rektor kemur fram fyrir hönd háskólans gagnvart starfsmönnum, nemendum og út á við og hefur forgöngu um þróunarstarf og stefnumótun.

Menntun og hæfniskröfur

- Doktorsgráða og/eða meistara-gráða er nauðsynleg. Að öðru jöfnu er reiknað með að umsækjandi með doktorsgráðu verði ráðinn.
- Umtalsverð stjórnunarreynsla úr íslensku atvinnulífi er nauðsynleg.
- Alþjóðleg reynsla er mikill kostur.
- Góð tengsl við atvinnulífið og þekking á háskólaumhverfi er mikilvæg.
- Við leitum að kraftmiklum og hugmyndaþríkum einstaklingi sem hefur góða samskiptahæfni og frumkvæði til að leiða skólann áfram í alþjóðlegu og síbreytilegu umhverfi háskólastigsins.



Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 11. desember nk. Númer starfs er 6086. Upplýsingar veita Þórir Þorvarðarson og Katrín S. Óladóttir. Netföng: thorir@hagvangur.is og katrin@hagvangur.is

Háskólastjórn ræður rektor. Valnefnd mun meta umsóknir og skila tillögum til stjórnar.

HAGVANGUR
- við ráðum



SÉRFRÆÐINGUR

Sparisjóður Mýrasýslu er stærsta fjármálfyrirtæki á Vesturlandi og 4. stærsti Sparisjóður landsins. Starfsmenn eru 74 á fimm stöðum á landinu. Heildareignir er 31 milljarður og eigið fé er 2,7 milljarðar. Höfuðstöðvar SPM eru í Borgarnesi en rekin eru útibú á Akranesi og Reykjavík auk þess á SPM að fullu Sparisjóð Ólafsfjarðar og Sparisjóð Siglufjarðar. SPM hlut nýverið Nýsköpunarverðlaun Vesturlands. SPM hefur nýlega flutt í nýjar og glæsilegar höfuðstöðvar í Borgarnesi.

Sparisjóður Mýrasýslu óskar eftir að ráða sérfræðing. Starfsstöð sérfræðings er í Borgarnesi.

Starfssvið

- Lánveitingar til fyrirtækja
- Eftirfylgni lánveitinga
- Samskipti við eftirlitsaðila
- Fjármögnun SPM

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, lögfræði eða viðskiptalögfræði
- Reynsla af störfum í fjármálfyrirtæki kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði og drifkraftur
- Tölugleggni
- Mjög góð tölvukunnátta
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með ráðningu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 4. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Medtronic er leiðandi fyrirtæki í þróun og hönnun á heilbrigðisvörum.

Inter Medica er eignarhaldsfélag sem sérhæfir sig í innflutningi á hágæða vörum fyrir heilbrigðisgeirann. Fyrirtækið var upphaflega stofnað árið 1989.

SÖLUFULLTRÚI-RÁÐGJÖF

Inter Medica óskar eftir að ráða sölufulltrúa-ráðgjafa. Viðkomandi þarf að vera tilbúin til að ferðast erlendis, hafa sveigjanlegan vinnutíma og hæfni til að vinna í umhverfi sem er í stöðugri þróun.

Starfssvið

- Ráðgjöf og sala
- Markaðs- og kynningarstarf
- Samskipti við viðskiptavini og samningagerð
- Samskipti við erlenda framleiðanda

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á heilbrigðis- og/eða tæknisviði æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Áhugi fyrir tækninýjungum
- Góð enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Yr. Arnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnadóttir (hildur.arnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Háfell er verktakafyrirtæki sem sérhæfir sig í vega- og gatnagerð víðs vegar um landið. Verkefni eru umfangsmikil og einkum fyrir opinbera aðila. Fyrirtækið hefur til ráðstöfunar mikinn og öflugan tækjakost sem gerir Háfell kleift að takast á við verkefni af öllum stærðargráðum. Háfell var stofnað 1979.

BYGGINGAVERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR

Háfell leitar að ákveðnum og metnaðarfullum einstaklingi til að stýra verkefni er snýr að gerð Héðinsfjarðargangna. Viðkomandi þarf að geta tekið að sér og stýrt stórum verkefnum, haft yfirsýn yfir þau og leitt til lykta. Starfinu fylgir mikil ábyrgð, sjálfstæði og umboð til athafna.

Starfssvið

- Verkefnastjórnun (Héðinsfjarðargöng)
- Tilboðs- og samningagerð
- Samskipti við verkkaupa
- Útreikningar á hráefnisnotkun
- Hráefniskaup

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingarverk- eða tæknifræðingur
- Reynsla af tilboðsgerð
- Skipulögð vinnubrögð
- Góð samskiptafærni

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



HB GRANDI

Sjávarútvegsfyrirtæki í fararbroddi.

HB Grandi hf. veiðir, vinnur og markaðssetur botnfisk og uppsjávarfisk. Félagið gerir út 14 skip og er með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi og á Vopnafirði. Hjá félaginu starfa um 700 starfsmenn til sjós og lands. Afurðirnar eru seldar víða en helstu markaðirnir eru í Evrópu, Norður - Ameríku og Asíu.

VERKSTJÓRI

HB Grandi óskar eftir að ráða verkstjóra í frystihús félagsins í Reykjavík.

Starfið felst í almennri verkstjórn í frystihúsi félagsins við Norðurgarð. Unnið er á vöktum í frystihúsinu þannig að viðkomandi aðili þarf að geta unnið vaktavinnu. Verkstjóri er staðgengill vinnslustjóra Norðurgarði.

Leitað er að traustum einstaklingi með góða menntun á sviði sjávarútvegsfræða og reynslu og/eða þekkingu á sjávarútvegi. Viðkomandi aðili þarf að vera samviskusamur og hafa góða samskiptahæfileika. Góð tölvukunnátta er skilyrði og þekking á Navision (Wise Fish) er kostur.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnadóttir (hildur.arnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



TÆKIFÆRI FYRIR RAFIDNAÐARMENN OG NEMA Í RAFVEITUVIRKJUN

Landsnet

Landsnet stýrir rekstri og uppbyggingu flutningskerfis raforku. Til flutningskerfis Landsnets teljast allar línur sem eru með 66 kV spennu og hærri, auk nokkurra 33 kV lína.

Landsnet annast jafnframt kerfisstjórnun og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku með áreiðanleika, öryggi og hagkvæmni að leiðarljósi.

Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öflugra liðsheid, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði.

Vegna umfangsmikillar uppbyggingar flutningskerfisins og nýrra verkefna óskar Landsnet eftir að ráða:

- fjóra rafiðnaðarmenn til starfa hjá fyrirtækinu með aðsetur á Egilsstöðum.
- fjóra nema á námssamning í rafveituvirkjun með aðsetur á höfuðborgarsvæðinu.

Góð launa- og starfskjör í boði

Störfin fela m.a. í sér

- fjölbreytt verkefni í góðum hópi sérfræðinga
- vinnu við hátækniþúnað í tengivirkjum
- eftirlit og viðhald á háspennulínunum
- vinnu í fjölbreyttu umhverfi víðs vegar um landið

Við leitum að einstaklingum sem

- vinna sjálfstætt og skipulega
- sýna frumkvæði
- eru tilbúnir að tileinka sér nýja tækni og ný vinnubrögð
- hafa áhuga á að sækja þjálfun innanlands og utan

Landsnet býður

- fyrirmyndarstarfsaðstöðu og góðan vinnuanda
- tækifæri til starfsþróunar
- metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- fjölskylduvænt starfsumhverfi



Umsjón með ráðningum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Helga S. Guðmundsdóttir (helga.snaedal@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.



Leikskólakennarar og annað starfsfólk

óskast í leikskólann Grandaborg,
Boðagranda 9 í Vesturbænum.
Lærum saman í leik

Grandaborg er þriggja deilda leikskóli. Unnið er samkvæmt Mannauðastefnu þar sem börn og starfsfólk fá að njóta sín í leik og starfi. Einkunnarorð leikskólans eru vinátta, samkennd og virðing.

Velkomin í heimsókn í Grandaborg
eða hafðu samband í síma 562-1855.

» Við leitum að fólki á öllum aldri,
af báðum kynjum, með margs
konar menntun og reynslu.



Reykjavíkurborg
Menntasvið

www.leikskolar.is



Heimahljúkrun á Heilbrigðis- stofnun Suðurnesja

Vegna stækkandi umfangs, fjölbreyttari verkefna og nýs vaktaskipulags vantar okkur fleiri hjúkrunarfræðinga í heimahljúkrun á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Um er að ræða 1,6 stöður.

Heimahljúkrun á Suðurnesjum hefur vakið landsathygli fyrir skýra stefnu og sýn, mannúðlega og metnaðargjarna hugmyndafræði ásamt kjarki og áráðni til að takast sífellt á við nýjar áskoranir.

Starfsemin er mjög fjölbreytt, skjólstæðingar eru á öllum aldri og starfssvæðið nær frá Kúagerði út á Garðskaga. Starfsfólk heimahljúkrunar starfar í anda teymisvinnu þar sem allir hlekkir keðjunnar eru jafn mikilvægir. Samstarf við sjúkradeildir og bráðamóttöku er frábært, mikið og gott samstarf er við félagsþjónustu og aðra aðila sem að málum skjólstæðinga heimahljúkrunar koma. Fræðslustarf er markvíst og öflugt

Mikill kostur, en ekki skilyrði, að umsækjendur hafi reynslu af heimahljúkrun, einkenameðferð eða geðhjúkrun.

Störfín eru laus nú þegar eða skv. samkomulagi. Laun og kjör skv. stofnanasamningi HSS og BHM. Umsóknarfrestur er til 20. desember 2006.

Frekari upplýsingar veita Bryndís Guðbrandsdóttir deildarstjóri heimahljúkrunar, bryndisg@hss.is, s. 422-0620 og Hildur Helgadóttir hjúkrunarforstjóri, hildurhelga@hss.is, s. 422-0625 sem einnig taka á móti umsóknum.

HSS er reyklaus vinnustaður.



Reykjavíkurborg



Skólastjóri við nýjan grunnskóla í Grafarholti, Sæmundarskóla

Laus er staða skólastjóra við nýjan grunnskóla við Gvendargeisla í Reykjavík, Sæmundarskóla sem verður grunnskóli fyrir 1.-10. bekk. Nemendur verða um 300-400. Skólinn hefur verið starfræktur sl. 3 ár sem útibú frá Ingunnarskóla og nú eru þar um 140 börn í 1.-6. bekk. Skólinn er staðsettur í útjaðri hverfisins við ósnortna náttúru og í nálægð við Reynisvatn. Því verður lögð sérstök áhersla á náttúrufræði- og útikennslu í starfi skólans. Gert er ráð fyrir nánu samstarfi milli Sæmundarskóla og Ingunnarskóla.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndar-samfélagið og sjálfstæði skóla.

Meginhlutverk skólastjóra er að:

- Vera leiðtogi skólans og veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans

Leitað er að umsækjanda sem:

- Hefur kennaramenntun og framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði
- Hefur stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun
- Hefur fjölbreytta reynslu af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- Er lipur í mannlegum samskiptum

Staðan er laus frá og með 1. janúar 2007 eða eftir samkomulagi.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar.

Umsóknarfrestur er til 22. desember n.k.

Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Friðkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða með tölvupósti á starfsumsoknir. menntasvid@reykjavik.is. Nánari upplýsingar gefa Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri ingunn.gisladottir@reykjavik.is og Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, anna.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is, í síma 411-7000. Einnig veitir Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri í Ingunnarskóla upplýsingar í síma 411-7828, gustur@ingunnarskoli.is. Laun eru skv. kjarasamningi KÍ og Launaneftndar sveitarfélaga.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaferi Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Fræðslusetrið Starfsmennt óskar eftir að ráða verkefnastjóra í tvö störf vegna aukinna verkefna og fæðingarorlofs. Um hlutastörf getur verið að ræða.

Starfsmennt er samvinnuvettvangur ríkisins og 19 stéttarféлага innan BSRB og sinnir símenntun, ráðgjöf og starfsþróunarverkefnum.

Leitað er eftir hugmyndaríkum og vandvirkum verkefnastjórum með góða tölvuþekkingu í eftirtalin störf:

I. Verkefnastjóri kynningarmála

Helstu verkefni:

- Umsjón með heimasíðu
- Umsjón með rafrænum kynningum
- Utanumhald námskeiða
- Samstarf við viðskiptavinum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Nám sem nýtist í starfi
- Reynsla af vefumsjón
- Þekking á myndvinnslu eða útgáfu er kostur
- Mjög góð íslenskukunnátta
- Góð færni í mannlegum samskiptum

II. Verkefnastjóri fræðslumála

Helstu verkefni:

- Parfaggreining og hönnun náms
- Skipulagning og umsjón námskeiða
- Þátttaka í þróunarverkefnum
- Ráðgjöf og fræðsla innan stofnana

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Þekking á fullorðinsfræðslu og vinnumarkaði
- Reynsla af náms- og starfsráðgjöf er kostur
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi

Skriflegar umsóknir skulu berast fyrir 12. desember n.k. til Fræðslusetursins Starfsmenntar, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík, eða rafrænt: smennt@smennt.is. Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri, Hulda A. Arnljótsdóttir, í síma 525 8395. Upplýsingar um helstu verkefni og hlutverk Starfsmenntar má sjá á heimasíðu setursins: www.smennt.is.



Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs sem hafa það meginmarkmið að skapa fyrirtækjum hagstæð skilyrði til að vaxa, þróast og bera arð. Samtökin kappkosta að veita félögum góða þjónustu og að vera öflugur málsvari atvinnulífsins gagnvart stjórnvöldum og almennungi. Á skrifstofu samtakanna starfa 19 manns og er nánari upplýsingar um samtökin að finna á vef samtakanna, www.sa.is.

VERKEFNASTJÓRI

Samtök atvinnulífsins auglýsa laust til umsóknar starf verkefnastjóra á stefnumótunar- og samskiptasviði. Æskilegt er að viðkomandi geti tekið til starfa um áramót eða fljótlega á nýju ári.

Starfssvið

- Þátttaka í stefnumótun
- Fræðslumál
- Þátttaka í nefndarstörfum
- Umsjón með ýmsum málum sem koma til umsagnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti
- Gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli
- Hæfni til að klára flókin verkefni
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Yr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Um er að ræða fullt starf sem stefnt er að ráða í frá og með 1. janúar 2007. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningum FHSS.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

REKSTRARSTJÓRI

Í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum er laust til umsóknar starf rekstrarstjóra.

Starfssvið

- Fjárreiður ráðuneytisins
- Áætlanagerð
- Árangursstjórnunarsamningar við stofnanir ráðuneytisins
- Ýmis verkefni er lúta að starfsmannámum og rekstri ráðuneytisins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf viðskiptafræði, hagfræði eða sambærilegt
- Þekking og reynsla á opinberri stjórnsýslu, réttindum og skyldum starfsmanna ríkisins og launakerfi ríkisins æskileg
- Hæfni og áhugi á að tileinka sér nýjungar
- Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Samvirksemi og nákvæmni

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (guðridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. desember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Framkvæmdastjóri fjármálasviðs Primera Travel Group



Heimsferðir voru stofnaðar árið 1992 og eru nú fjórða stærsta ferðaskrifstofan á Norðurlöndum. Heimsferðir eru með starfsemi á öllum Norðurlöndum undir nafni Primera Travel Group og er áætluð velta samstæðunnar 35 milljarðar króna. Sjá nánar á www.heimsferdir.is

Framkvæmdastjóri heyrir beint undir forstjóra eignarhaldsfélags Heimsferða, Primera. Hann situr í framkvæmdastjórn Primera og kemur þar að ákvörðunum um rekstur og stefnumótun fyrirtækisins og dótturfélaga þeirra. Starfsaðstaða er á Íslandi.

Starfssvið

- Uppgjör og áætlanagerð**
- Yfirumsjón með mánaðarlegum rekstraruppgjörum allra félaga í eigu Primera
 - Ársfjórðungsuppgjör samstæðunnar
 - Samræming uppgjóra og verklagsreglna dótturfélaga
 - Yfirumsjón með áætlanagerð allra félaga og uppfærslu áætlana
- Fjármögnun, lausafjár- og áhættustýring**
- Fjár- og áhættustýring
 - Mat á fjárfestingarkostum og ávöxtun fjármuna
 - Umsjón með endurfjármögnun
 - Áætlanagerð fyrir fjárstreymi og greiðslufærni
 - Umsjón með greiðslu lána eignarhaldsfélags Heimsferða

Önnur verkefni

- Samræming á fjármálastjórnun og fjármála-tengdum vinnuferlum dótturfélaga

Hæfniskröfur

- Menntun á sviði fjármála
- Framhaldsmenntun eða reynsla af fjárstyringu
- Reynsla eða þekking á alþjóðlegu fjármálaumhverfi er æskileg
- Reynsla af samningagerð
- Miklir stjórnunar- og skipulagshæfileikar
- Góð greiningarhæfni
- Góð tungumálakunnátta
- Góð yfirsýn og frumkvæði
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og geta til að byggja upp innri ferla og módel sem nauðsynleg eru í alþjóða fjármálaumhverfi

Þetta er tækifæri til að starfa hjá einu framsæknasta fyrirtæki landsins sem byggir starfsemi sína á öflugum innri vexti. Framkvæmdastjórinn fær tækifæri til að hafa áhrif á vinnuumhverfi sitt með faglegum vinnubrögðum er sæma fyrirtæki sem starfar á alþjóðavettvangi.

Allar fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 4. desember nk. Upplýsingar veita Albert Arnarson og Katrín S. Óladóttir. Netföng: albert@hagvangur.is og katrin@hagvangur.is.

HAGVANGUR
- við ráðum

Vélaborg ehf.

Þjónustumenn fyrir vinnuvélar, vörubíla og lyftara

Vegna aukinna umsvifa er Vélaborg að leita að starfsmönnum í eftirfarandi störf:

- Vélvirkja eða vönnum manni í vinnuvélaviðgerðum.
- Rafvirkja, rafeindavirkja eða vönnum manni í lyftaraviðgerðum.
- Bifvélavirkja eða vönnum manni í vörubíla viðgerðum.

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu í viðgerðum á vinnuvélum, landbúnaðarvélum og/eða lyfturum og geti unnið sjálfstætt.

Enskukunnátta og tölvukunnátta æskileg.

Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi bílpróf.

Vélaborg leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu.

Liður í því er að þjálfa starfsmenn þjónustudeildar með námskeiðahaldi og menntun hjá erlendum birgjum félagsins.

Vélaborg er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í vélainnflutningi og þjónustu við bændur, verktaka og flutningsaðila. Hjá fyrirtækinu starfa á fimmta tug manna, þar af 17 á þjónustuverkstæði.

Vélaborg er með umboð fyrir:

- Case og Bobcat vinnuvélar
- Jungheinrich og Kalmar lyftara
- Daf vöru- og flutningabíla
- John Deere dráttarvélar og smávélar
- Lely mjaltþjóna og landbúnaðarvélar

Umsóknum skal skila inn á tölvutæku formi á netfang: gunnarm@velaborg.is innan viku frá birtingu auglýsingar.



Vörubíla- & Vinnuvélaverkstæðið ehf

Bifvélavirki óskast

Bifvélavirki eða maður vanur viðgerðum óskast til starfa á vinnuvélaverkstæði. Meirapróf æskilegt

Uppl. í síma 588 4970 / 893 8681 Björn eða Guðmundur



Ferilskra.is

Ferilskráin er markaðstækið þitt í atvinnuleitinni

Pantaðu núna á www.ferilskra.is og fáðu hnitmiðaða og árangursríka ferilskrá sem kemur þér í atvinnuviðtalið

Fljót og góð þjónusta

Góð ferilskrá er gulli betri þegar spennandi atvinnutækifæri býðst

Hafðu samband: www.ferilskra.is - ferilskra@ferilskra.is
Sími: 663 7973



BANDALAG ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Framkvæmdastjóri

Bandalag íslenskra námsmanna (BÍSN) óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra í 100% starf.

Leitað er að einstaklingi á aldrinum 22 - 35 ára. Æskilegt er að viðkomandi sé með háskólamenntun og hafi reynslu af þátttöku í félagsstarfi. Einnig er áhugi á málefnum stúdenta skilyrði. Laun skv. samkomulagi. Nánari upplýsingar um starfið veitir Eyrún Jónsdóttir í s. 562-2818 á milli kl. 13:00 og 16:00 alla virka daga.

Umsóknir skal senda á netfangið bisn@bisn.is fyrir 15. desember nk.

Bandalag íslenskra námsmanna - BÍSN
Laugavegi 66, 101 Reykjavík
S. 562-2818
www.bisn.is

Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa auglýsir laust til umsóknar fullt starf framkvæmdarstjóra SÍF.

Starf framkvæmdastjórans felst einkum í:

- Daglegum rekstri skrifstofu
- Stefnumótun og áætlunargerð
- Aðstoð og leiðbeiningum til félagsmanna
- Samstarfi við ýmsa aðila s.s. BHM, háskóla, önnur stéttarfélög, nefndir og ráð á vegum SÍF og koma fram í og hafa samskipti við fjölmiðla.
- Uppbyggingu og viðhaldi heimasíðu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Umsækjendur skulu hafa lokið löggiltu félagsráðgjafarnámi
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og starfsreynsla æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði
- Stjórnunar- og skipulagshæfni
- Mjög góð tök á íslensku máli og ensku ásamt kunnáttu í einu norrænu máli

Um er að ræða margþætt og ögrandi starf í hvetjandi vinnu-umhverfi. Boðið er upp á góða starfsaðstöðu og sveigjanlegan vinnutíma.

Umsóknarfrestur um starfið er til 31. desember, 2006. Umsóknir ásamt meðmælum skulu berast Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa b.t. Páls Ólafssonar Borgartúni 6 105 Reykjavík Valið verður úr hópi umsækjenda á grundvelli viðtala og framlagðra gagna.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Páll Ólafsson, formaður SÍF í síma 820 8568, netfang pallo@gardabaer.is.



- Lífið heil

www.lyfja.is

Lyfjafraeðingur – Höfn í Hornafirði

Óskum eftir lyfjafraeðingi til að veita lyfjaútibúi í flokki 1 á Höfn í Hornafirði forstöðu. Forstöðumaður ber ábyrgð á faglegum rekstri lyfjaútibúsins, annast daglegan rekstur þess og ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfjaútibú.

Hæfniskröfur: Háskólapróf í lyfjafraeði og gilt starfsleyfi.

Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Sækja má um starfið á vefsetri okkar www.lyfja.is eða senda umsókn til starfsmannastjóra.

Nánari upplýsingar veitir Þorgerður Þráinsdóttir, starfsmannastjóri, í síma 530 3800, thorgerdur@lyfja.is

Umsóknarfrestur er til 10. desember. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Hlutverk Lyfju er að stuðla að góðri heilsu og velliðan. Frá upphafi hefur Lyfja verið brautryðjandi í lækkun lyfjaverðs og boðið upp á ýmsar nýjungar í faglegri þjónustu. Fyrirtækið rekur apótek og heilsuþjónu vís vegar um landið ásamt því að starfrækja lyfjaskömmun til einstaklinga og stofnana. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns. Lykillinn að árangri er starfsfólkið okkar og því höfum við það að markmiði að fá hæft fólk til liðs við okkur, skapa eftirsóknarverða vinnustaði þar sem góður starfsandi ríkir og að starfsfólk fái tækifæri til að öðlast faglegan og persónulegan þroska í starfi. Einkunnarorð okkar eru áreiðanleiki, umhyggja og metnaður.



VESTURBYGGÐ

Forstöðumaður tækni-deildar Vesturbyggðar

Sveitarfélagið Vesturbyggð auglýsir nýtt starf forstöðumanns tækni-deildar sveitarfélagsins laust til umsóknar.

Staða forstöðumanns tækni-deildar er nýtt áhugavert starf í sveitarfélaginu og verður starfið mótað í samvinnu við bæjarfyrirvöld í Vesturbyggð. Forstöðumaður verður yfirmaður skipulags- og tæknimála hjá sveitarfélaginu og mun hafa yfirlit með framkvæmdum og viðhaldi á vegum sveitarfélagsins. Næsti yfirmaður forstöðumanns er bæjarstjóri.

Helstu verkefni:

- Skipulags- og Byggingarfulltrúi í Vesturbyggð.
- Yfirumsjón þjónustumiðstöðva Vesturbyggðar.
- Yfirumsjón með fasteignum og stofnunum sveitarfélagsins.
- Yfirumsjón með framkvæmdum og viðhaldi á eignum sveitarfélagsins.
- Yfirumsjón með veitum í eigu sveitarfélagsins.
- Yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlana fyrir framangreinda málaflokka.
- Vinna við stefnumótun fyrir framangreinda málaflokka.
- Áætlanagerð um verklegar framkvæmdir sveitarfélagsins.

Starfinu tilheyrir m.a.:

- Framkvæmdáætlanir.
- Viðhaldsáætlanir.
- Sorphreinsun og urðun.
- Skipulags- og byggingarmál.
- Götur, fráveitur, vatnsveitur og umferðarmál.
- Hafnarmannvirki.
- Eftirlit með eignum sveitarfélagsins.

Við leitum að vel menntuðum og duglegum einstaklingi. Lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæði í starfi, sem og góða samskiptahæfni. Krafa er um háskólamenntun og starfsreynslu á sviði byggingarverkefna, byggingartækni-fræði eða aðra sambærilega menntun og reynslu sem uppfyllir skilyrði 48. og 49. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Vesturbyggð er staðsett á sunnanverðum Vestfjörðum með góðum samgöngum innan sveitarfélagsins sem og til og frá sveitarfélaginu. Í Vesturbyggð starfar Grunnskóli Vesturbyggðar með deildir á Patreksfirði, Bildudal og Barðaströnd og er starfræktur tónlistarskóli á vegum einstaklinga. Í sveitarfélaginu eru tvö nýleg íþróttahús og ein sundlaug. Óflugt íþróttastarf er í sveitarfélaginu sem og menningar- og tónlistarstarf. Auðvelt er njóta útvistar í Vesturbyggð þar sem ægiefögur náttúra Vestfjarða er allstaðar innan seilingar.

Umsóknarfrestur er til og með 15. desember nk. Skriflegar umsóknir, ásamt ferilskrá, berist til Ragnars Jörundssonar bæjarstjóra, Aðalstræti 63, 450 Patreksfjörður. Upplýsingar um starfið veita; bæjarstjóri í síma 450-2300 og Bjarni Þór Einarsson byggingarfulltrúi Vesturbyggðar í síma 455-2511. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir í tölvupósti til bæjarstjóra: bæjarstjóri@vesturbyggd.is og byggingarfulltrúa: bthe@itn.is



Tvær stöður í Heilsuleikskólanum Suðurvöllum Vogum lausar til umsóknar; deildarstjóra og leikskólakennara

Vegna aukinna umsvifa er í Heilsuleikskólanum Suðurvöllum laus til umsóknar staða deildarstjóra við eldri barna deild. Æskilegt er að viðkomandi hafi leikskólakennaramenntun eða aðra sambærilega menntun, jákvætt og hlýlegt viðmót og sé stundvís og samviskusamur. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Vinnutíminn er frá kl. 08:00-16:00.

„Ég er viss um að ég vilji ekki gera fleiri plötur ein. Ég held að við hjá No Doubt komum saman aftur á næsta ári til að gera nýja plötu,“ segir Stefani við tónlistarvefinn NME. Hún er nýbúin að eignast sitt fyrsta barn með eiginmanni sínum Gavin Rossdale söngvara hljómsveitarinnar Bush.

Latibær hefur verið að hasla sér völl sem eitt vinsælasta barnaefni í heimi. Þættirnir eru sýndir í 103 löndum og ná því til milljóna áhorfenda. Miklu hefur verið tilkostað við gerð þeirra hér á Íslandi. Um 160 manns starfa við þá og yfir 400 brellur eru notaðar í hverjum þætti. Allt þetta skilar sér svo beint á sjónvarpsskjáinn í stafrænum gæðum. Sjálfur hefur Magnús Scheving leikstýrt 40 af þeim 53 þáttum sem hafa verið framleiddir, auk þess sem hann hefur séð um handritsgerð í samvinnu við fleiri.

Hrósar Hrafni og Friðriki Þór

Magnús segir að Edduverðlaunin hafi komið sér mjög á óvart. „Þetta er hvatning fyrir allt fólk í kringum mig sem er að vinna að þessu. Ég tók ekki alveg til mín þessi verðlaun. Mikið af því fólk sem hefur komið að þessu hefur aldrei verið nefnt. Það sem er kannski enn mikilvægara eru menn sem ruddu hálfgerðan farveg fyrir Íslendinga, eins og Jón Þór í Saga film, Snorri í Pegasus og náttúrulega Hrafni Gunnlaugsson og Friðriki Þór og fullt af öðrum kvikmyndagerðarmönnum sem hafa kannski sett húsin sín undir og líf sitt til þess að mennta og þjálfa fólk í þessum bransa sem maður getur síðan gengið í og notað. Það er efst í huga hjá mér að einhver hafi þorað að gera þetta á undan manni.“

HM í þolfimi góð upphitun

Magnús viðurkennir að hafa sjálfur lagt nánast líf sitt undir. „Það kemur eiginlega ekkert af sjálfu sér nema kannski maður sé heppinn og heppni er ekki til nema þá tímabundið,“ segir hann. „Ég er að gera eitthvað sem ég hef ánægju af og get ekkert vælt yfir því að það sé eitthvað erfitt. En auðvitað hefur maður tekið á því. Maður hefur komið heim og þurft að sofa í 40 mínútur áður en næsta törn hefst. Þegar við tókum upp þessa 35 þætti þá vorum við að koma heim klukkan fimm og fórum kannski út aftur hálf átta. Þetta gerðum við í fjórtán mánuði alla daga vikunnar.“ En hvernig hefur hann eiginlega farið að þessu? „Ég held að ég hafi verið ótrúlega heppinn að því leyti til að vera í mjög góðu formi áður en ég fór í þetta og ég segi að heimsmeistarakeppnin [í þolfimi] hafi bara verið góð upphitun,“ segir hann og hlær.

Einmana eins og Walt Disney

Magnús segist vera innbyggður jógi og það hafi komið sér vel. „Ég hef komist að því á seinni árum að ég get fengið orku úti um allt. Að verða bensínlaus gerist ekki oft hjá mér en auðvitað verður maður þreyttur og þá tekur maður rangar ákvarðanir,“ segir hann og líkir sér að sumu leyti við Walt Disney, sem var einmana því enginn skildi hann til að byrja með. Einnig átti Disney oft átt í fjárhagsferfiðleikum og varð til að mynda þrisvar sinnum gjaldþrota. Sjálfur segist Magnús aldrei hafa verið nálægt gjaldþroti en samt hafi hann aldrei tekið pening úr Latabæ fyrir sjálfan sig.

Með epli til Bandaríkjanna

Magnús hefur verið duglegur, í gervi Íþróttálfisins, við að stöðja gott málefni. Hefur hann fengið þúsundir bréfa þar sem óskað hefur verið eftir kröftum hans. Nýverið var hann staddur í London til að opna Íþróttahúsið sem var nefnt í höfuðið á honum og einnig hefur hann heimsótt veik börn. „Það sem hafði mest áhrif á mig var veikur strákur í Bandaríkjunum sem átti lítið eftir. Ég ákvað að fara strax og spurði hvað ég ætti að koma með til hans. Þá sagði hann Íþróttanami, eða eitt epli. Þá áttar maður sig á því þegar maður flýgur um hálfan hnöttinn með eitt epli í farteskinu hversu rosaleg ábyrgð fylgir þessu og hversu mikil áhrif þetta hefur.“

Latibær enginn skyndibiti

Nýverið birtist grein eftir íslenskan bókmennatrafæðing þar sem Latibær var gagnrýndur fyrir að vinna gegn öllu sem þátturinn predikar. Þátturinn væri sjálfur skyndibiti sem hvetti krakka til að vera inni hjá sér, glápa á sjónvarpið og kaupa síðan alls konar Latabæjarvörur. Magnús segir að ekkert sé hafið yfir gagnrýni og tvær hliðar séu á öllum málum. „Ég er ekkert

viss um að Latibær sé heimsins besta prógramm en ég er viss um að Latibær hefur gert sitt besta. Án þess að vita neitt um það efast ég um að hún [greinarhöfundur] eigi börn. Það skiptir töluverðu máli þegar maður eignast börn, þá hugsar maður öðruvísi,“ segir Magnús. „Ég held reyndar að ef Latibær væri skyndibitaþóðskapur þá myndi hann vera auglýstur eins og 99% af öllu barnaefni á sælgeiti. Þar er 300% álagning og þar færðu peningana þína til baka. Á Íslandi er Latibær ekki einu sinni kominn á djús, hann fór bara í vatn, sem er ekki mikill gróðabissness. Við eigum íslenskt prumpulag sem er örugglega ekki sú fyrirmynd sem Íslendingar vilja hafa. Mér finnst Prumpulagið hans Dr. Gunna vera með myndni lögum sem ég hef hoppað með minum börnum en Latibær er bara að reyna að vera með jákvæðan boðskap og gera hlutina á skemmtilegan hátt.“

Rándýrir þættir

Orðróm um að Latibær ætli að hasla sér völl á leikfangamarkaðnum segir Magnús á rökum reistan en það sé einungis gert til að hægt sé að framleiða þættina. Hver þáttur af Latabæ kostar 42 til 56 milljón-

ir króna, sem er mun dýrara en gengur og gerist. Magnús segist vilja tryggja að gæðin séu fyrir hendi og því þurfi að fá inn pening til að borga þetta allt saman, því sjónvarpsstöðvar borgi lítið fyrir barnaefni.

Á mjólkurfernum í Mexíkó

Magnús er nýkominn heim frá Bretlandi þar sem hann fór í fjölda viðtala hjá blöðum og í sjónvarpi. Fór hann m.a. í spjallþátt þar sem Michael Bolton var á meðal gesta. Latabæjar-smáskifa verður jafnframt gefin þar út á næstunni og er henni spáð miklum vinsældum. Vinsældir í S-Ameríku eru einnig að aukast og á næsta ári verða settar myndir af Íþróttálfnum á 4,5 milljónir mjólkurferna á dag í Mexíkó. Einnig ætla Brasilíumenn og Argentínumenn að setja upp stórar Latabæjarsýningar. Fyrir utan þetta er verið að leggja drög að fyrstu Latabæjar-bíómyndinni sem mun fjalla um uppruna Íþróttálfisins. „Latibær er á krossgötum. Latibær getur sameinast stórfyrirtæki, hann gæti verið keyptur af öðru fyrirtæki og við gætum ákveðið að stækka Latabæ og blása til sóknar. Latibær hefur að vísu aldrei fengið styrki. Við sóttum um en höfum alltaf fengið nei, en ég mjög ánægður með að ríkisstjórnin ætli að setja meiri pening í íslenskan kvikmyndaiðnað,“ segir hann.

50 hopp og 150 armbeygur

Magnús segist eiga mörg ár eftir í Latabæ. „Í gær [á fimmtudag] þurfti ég að gera 50 spíkat-hopp og 150 armbeygur og ég verð að viðurkenna að þetta er orðið erfiðara og erfiðara. Ég varð 42 ára um daginn og það er farið að taka lengri tíma að jafna sig. Ég hef ekki mikinn tíma til að æfa mig en ég er að reyna eftir bestu getu að gera þetta. Þú þarf að vera heitur í öllum tókum. Maður þarf kannski að hoppa í splitt klukkan níu um morguninn, aftur klukkan tvö og síðan klukkan sex. Maður þarf að vera heitur líkamlega allan daginn, dag eftir dag, og það er meira en að segja það. Þessu gerði ég mér ekki grein fyrir þegar ég samdi þetta.“

VIÐ STJÓRNVÖLINN Magnús hefur verið lengi við stjórnvöllinn hjá Latabæ með frábærum árangri.



Íslenskir tónlistardagar

Afnemum virðisaukaskatt af öllu skemmtiefni, þ.e. tónlist, DVD og tölvuleikjum. Tónlistarmenn flytja lög og árita geisladiska sína.

TAX FREE

SKEMMTIEFNI



Bríet Sunna árita í dag:
Spöng kl. 14:00 Skeifu kl. 16:00



Í svörtum fötum árita í dag:
Kringlunni kl. 14:00



Stebbi & Eyfi - Nokkrar notalegar ábreiður



Baggalútur árita í dag:
Smáralind kl. 16:00



Á móti sól árita og spila í dag:
Smáralind kl. 14:00
Kringlunni kl. 16:00


ALLAR DVD MYNDIR án VSK

ALLIR TÖLVULEIKIR án VSK



Nýtt
í Hagkaupum

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður fullan virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Nýtt í bíó

CASINO ROYALE

★★★★
M.M.J. kvikmyndir.com
"EIN BESTA MYNDIN FRÁ UPPHAFI"
S.V. MBL
★★★★
- BLAÐIÐ
★★★★
"BESTA BOND MYNDIN FRÁ UPPHAFI..."
P.P. FBL
★★★★
"BESTA BOND MYNDIN Í ÁRARÁÐIR"
- V.J.V. TOPPS.IS

14

PULSE

16

HEIR ERU AD FYLJAST MED HÉR.
HEIR ERU AD ELTA ÞIG.
HÖRFU Í AUGUN Á HÉIM
OG ÞU ERT ÖÐRINN SVARTUR

SKOÐU EINA ÖNDIENLEGUSTU
MYND ÁRSINS ÖKLIPPR EF ÞU ÞORIR

SKÓGARSTRÍÐ

7

BYRIN TAKA VOLDIN!

HÁDEGISBÍÓ
aðeins 500 kr.

BORAT!

70 ÞÚSUND GESTIR

5 EDDUVERÐLAUN
BESTA MYND, BESTI LEIKARI, BESTI
LEIKSTJÓRINN, BESTI AUKALEIKARINN
OG BESTA TÖNLISTIN (MUGISON)

20% AFSLÁTTUR FYRIR VIÐSKIPTAVINI Í GULLVILD OG PLATINUM
GLITNIS, EF GREITT ER MED GREIÐSLUKORTI FRÁ GLITNI

MIDASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBÖGANN Á midi.is

HÁDEGISBÍÓ
aðeins 500 kr.

ERU ÞU TILBÚIN FYRIR EINA
FYNDUSTU MYND ALLRA TÍMA?

450 kr. í bíó!

SMÁRABÍÓ	REGNBÖGANN	BORGARBÍÓ
SÍMI 564 0000	SÍMI 551 9000	SÍMI 462 3500
PULSE kl. 8 og 10 B.L. 16 ÁRA	PULSE kl. 8 og 10 B.L. 16 ÁRA	CASINO ROYALE kl. 2, 5, 8 og 11* B.L. 14 ÁRA
CASINO ROYALE kl. 2, 5, 8 og 11 B.L. 14 ÁRA	CASINO ROYALE kl. 2, 30, 5, 30, 8, 30 og 11, 20 B.L. 14 ÁRA	SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL kl. 2 og 4
SYND Í LUXUS kl. 2, 5, 8 og 11	BORAT kl. 3, 6, 8 og 10 B.L. 12 ÁRA	OPEN SEASON ENSKT TAL kl. 8
SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL kl. 12, 2 og 4	BORAT kl. 3 og 6	BORAT kl. 10 B.L. 12 ÁRA
OPEN SEASON ENSKT TAL kl. 12, 2, 4 og 6	MÝRIN kl. 3, 6, 8, 30 og 10, 30 B.L. 12 ÁRA	MÝRIN kl. 6 B.L. 12 ÁRA
BORAT kl. 12, 6, 8 og 10 B.L. 12 ÁRA		*KRAFTSÝNING
MÝRIN kl. 3, 50, 5, 40, 8 og 10, 20 B.L. 12 ÁRA		
DRAUGAHÚSIÐ ISL. TAL kl. 12 og 1, 40 B.L. 7 ÁRA		

Sími 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

CASINO ROYALE

ALLAR SÖGUR EIGA SÉR UPPHAF

SYND KL. 4, 7 OG 10-POWERSÝNING B.L. 14

BORAT!

SYND KL. 2, 6, 8 OG 10 B.L. 12

SKÓGARSTRÍÐ

SYND KL. 4, 6, 8 OG 10, 10 B.L. 12

SYND KL. 2 ISL. TAL

SYND KL. 2 OG 4 ISL. TAL

450 KR. Í BÍÓ!

ORÐIR A ALLAR SÝNINGAR
MERKTAR MED RAUÐU

MIDASALA OPNAR KL. 1.30

Vill vera ungleg

Ofurfyrirsætan Kate Moss er farin af áhyggjum af því að eldast. Fyrirsætan skaut upp á stjörnuhimininn fyrir áratug og einmitt fyrir að vera með einstaklega unglegt útlit en nú segist Moss bara sjá hrökkur þegar hún lítur í spegil. Moss er 32 ára og ætlar sér að gera allt sem í hennar valdi stendur til að sé ef hún fær hrökkur.



KATE MOSS Er með mikla áratu fyrir því að viðhalda unglegu útliti sínu og er hrædd um að unnusti sinn Pete Doherty fari frá sér ef hún fær hrökkur.

hrökkunum og hægja á öldrunarferlinu.

Moss notar meðal annars það að fara alltaf snemma að sofa, drekkur tvo lítra af vatni á dag ásamt því að hún borðar bara lífrænan mat.

Bresk slúðurblöð halda því fram að ástæðan fyrir aldursáráttu Moss sé að hún er trúlofuð rokkaranum Pete Doherty sem er fimm árum yngri en fyrirsætan. „Moss er hrædd um að Pete fari frá henni með yngri fyrirsætu,“ segir vinkona Moss við blaðið Grazia, en Pete er víst duglegur að muna eftir því að hrósa unnustu sinni daglega og finnst aldursárátta hennar vera út í hött.

Þarið mun ganga í það heilaga á afmælisdegi Moss í janúar en þá verður hún 33 ára.



HAFSTEINN MICHAEL Málaði glæsilegt málverk á vegg búðarinnar Spúútnik á Laugaveginum sem vekur mikla athygli viðskiptavina.

Fangaði karaktera í Spúútnik

Athyglisvert málverk Hafsteins Michael hefur lífgað mikið upp á verslunina Spúútnik á Laugavegi.

Það hafa margir viðskiptavinir verslunarinnar Spúútnik rekið upp stór augu þegar þeir sáu málverk sem prýðir einn vegg verslunarinnar sem staðsett er á Laugaveginum. Verkið er eftir myndlistarmanninn Hafstein Michael en hann útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskólanum árið 1999. „Þúra, eigandi búðarinnar, bað mig um að

koma með hugmyndir eða gera eitthvað fyrir búðina. Þá ákvað ég að mála málverk á vegginn,“ segir Hafsteinn sem hefur ekki áhyggjur af því að hann geti ekki selt verkið eða farið með það á sýningu heldur var verkið gert gagnert fyrir Spúútnik.

„Ég var að reyna að fanga karakter fólksins í búðinni eða þess sem var að skottast í kringum mig á meðan ég var að mála myndina,“ segir Hafsteinn, en bætir því við að hann hafi svo blandað sínum eigin persónuleika inn í myndina eins og hann geri ávallt í sinni list.

Hafsteinn hefur unnið mikið með Jóni Sæmundi hjá fatamerkinu Dead ásamt því að grípa í hin ýmsu verkefni á milli þess sem hann ver löngum stundum á vinnustofu sinni á Hverfisgötunni.

„Á döfinni hjá mér er að koma upp samsýningu á Næsta bar ásamt því að ég var að fá samtali frá Leikfélagi Akureyrar og verð því fyrir norðan í næsta mánuði að sjá ýmislegt fyrir uppsetningu leikritsins Svarti kötturinn,“ segir Hafsteinn að lokum og hefur greinilega í miklu að snúast þessa dagana.

-áþ

BARÁTTAN UM JÓLIN ER HAFIN

Sendu SMS
JA VTF á
númeri 1900
Þú gætir unnið bíómiða!

Vinningar eru:
Bíómiðar
Tölvuleikir
DVD myndir
og margt fleira

9. HVER VINNUR!

ESCAPE 3 THE SANTA CLAUSE

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb. 99 kr/skýtið.

Sími 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

Ódýrt í bíó

SKÓGARSTRÍÐ ATH. SÝND KL. 2

BORAT! ATH. SÝND KL. 2

LESARHLAÐIÐ ATH. SÝND KL. 2

450 kr. á 2 sýningar

SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugula á laugardögum og sunnudögum

BARATTAN UM JÓLIN ER HAFIN

Tim Allen Martin Short

ESCAPE FROM SANTA CLAUSE 3

JÓLASVEININN 3
Núna þarf Jólaveininn (T. Allen) að taka á stóra sínum enda hyggst Jack Frost (M. Short) eigna sér jólin og verða nýr og betri Jólaveinn!

Nú er komið að framhaldi bölvunarinnar

ÚR SMÍÐJU SAM RAIMI (SPIDERMAN MYNDIRNAR)

THE GRUDGE 2
BÖLVUNIN 2

Þorir þú aftur?

CASINO ROYALE

Sýnd í DIGITAL

DEPARTED
(FRÁFÖLLNU)

HAGATORGI • S. 538 1919 www.haskolabio.is

THE DEPARTED kl. 3-6-9 B1.16 **BÖRN** kl. 4-6-8 B1.12
MYRIN kl. 3-5-7-9-10-15 B1.12 **THE QUEEN** kl. 3:30 B1.12
SCANNER DARKLY kl. 4-6-8-10:10 B1.16

JÓNAS

FLYBOYS
(FLUGSTRÁKAR)

DEPARTED
(FRÁFÖLLNU)

the last kiss
(síðasti kossinn)

BÆJARHLAÐIÐ BARNYARD

ADRIFT
(Á RIFKI)

Morgunblaðið BÝÐUR ÁSKRIFENDUM SÍNUM
Á ALLAR MYNDIR SEM SÝNDAR ERU Á ÍTÖLSKU KVÍKMYNDAHÁTÍÐINI
2 fyrir 1 GEGN FRAMVÍSUN MIÐA SEM VAR FRAMAN
Á MOGGANUM Á LAUGARDAGINN

SAMBÍÓ / ÁLFABAKKA			SAMBÍÓ / KRINGLUNNI			SAMBÍÓ / KEFLAVÍK			SAMBÍÓ / AKUREYRI					
SANTA CLAUSE 3	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	Leyf.	FLYBOYS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B1.12	SANTA CLAUSE 3	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	Leyf.	CASINO ROYALE	kl. 4 - 7 - 10	B1.16	THE GRUDGE 2	kl. 8 - 10	B1.16
CASINO ROYALE	kl. 1:30 - 4:30 - 7:30 - 10:30	B1.14	THE DEPARTED	kl. 6	B1.16	THE GRUDGE 2	kl. 5:50 - 8:15 - 10:30	B1.16	SANTA CLAUSE 3	kl. 2 - 5:30 - 8	Leyf.	SANTA CLAUSE 3	kl. 2 - 4 - 6 - 8	Leyf.
CASINO ROYALE VIP	kl. 1:30 - 4:30 - 7:30 - 10:30		BÆJARHLAÐIÐ	M/- ÍSL TAL. kl. 1:45 - 3:40	Leyf.	THE DEPARTED	kl. 10:10 DIGITAL	B1.16	FLYBOYS	kl. 10:10	B1.12	VEGGIE TALES	M/- ÍSL TAL. kl. 2 - 4	Leyf.
THE GRUDGE 2	kl. 5:50 - 8 - 9:10 - 10:20 - 11:30	B1.16	JACKASS NUMBER TWO	kl. 4	B1.12	JÓNAS	M/- ÍSL TAL. kl. 2 - 4 - 6	Leyf.	JÓNAS	M/- ÍSL TAL. kl. 2		BARNYARD	M/- ÍSL TAL. kl. 6	Leyf.
JÓNAS	M/- ÍSL TAL. kl. 1:45 - 4	Leyf.	ÓBYGGÐIRNAR	M/- ÍSL TAL. kl. 1:45	Leyf.	ADRIFT	kl. 10:10	B1.12	ADRIFT	kl. 10	B1.12			

SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugula á laugardögum og sunnudögum

www.sambioin.is (373) 8900

Betri Danmörk fyrir Íslendinga

Landar okkar búsettir í Danmörku hafa ekki látið bugast þótt baunarnir skjóti á viðskiptafólkið okkar föstum skotum dag eftir dag. Piltarnir í tónlistarfélaginu Beatless Propaganda eru gott dæmi um framtaks-sama Íslendinga og þeir vita ekkert betra í stöðunni en að standa fyrir tónleikum íslenskra hljómsveita í Danmörku.



ATHAFNAMENN Í KAUPMANNAHÖFN Þeir Eggert Steinsen, Þórir Óskarsson og Hjalti Már Einarsson hafa farið vel af stað með tónlistarfélagið Beatless Propaganda í Kaupmannahöfn.

líka að stefna saman hljómsveitum frá báðum löndum til að geta haldið enn stærri tónleika," segja þeir piltar og áhuginn á viðfangs-efninu leynir sér ekki.

Spurðir um hvert framhaldið verði hjá Beatless Propaganda segjast þeir stefna á að halda að minnsta kosti ferna tónleika eftir áramót og fram að sumri. „Við erum með lista yfir hljómsveitir sem við viljum gjarnan fá út en erum opnir fyrir hugmyndum og skorum á metnaðarfulla íslenska tónlistarmenn að setja sig í samband við okkur ef þá langar til að koma.“

Piltarnir neita því ekki að þetta stúss kosti sitt og væri ekki mögu-

legt nema fyrir stuðning frá Glitni og Icelandair. Einnig eiga þeir í samstarfi við verslun 12 Tóna í Kaupmannahöfn þannig að allir þeir sem halda tónleika á þeirra vegum spila líka í versluninni sem skiptir máli upp á kynninguna að gera.

Næstu tónleikar Beatless Propaganda verða haldnir föstudaginn 8. desember þegar hljómsveitirnar Dr. Spock og Croisztans stíga á svið á tónleikastaðnum The Rock í miðbæ Kaupmannahafnar og er miðsalan þegar hafin á Billeynet.dk og á pósthúsum í Danmörku. Upplýsingar um Beatless Propaganda er að finna á Myspace.com/beatlesspropaganda.

Gospel opnar sálina

Gospelkór Jóns Vídalíns, sem er skipaður ungmennum á aldrinum 15 til 25 ára, heldur sína fyrstu tónleika í Fjölbrautaskóla Garðabæjar í dag.

Kórinn er skipaður 35 til 40 ungmennum og er Þóra Gísladóttir stjórnandi hans. Að sögn Sr. Jónu Hrannar Bolladóttur, sóknarprestis í Garðaprestakalli, hefur kórinn æft stíft undanfarna tvo mánuði. „Það hefur verið draumur hjá mér í mörg ár að draga gospeltonlistina inn í kirkjustarfið. Hún getur laðað að ungt fólk á framhaldsskólaaldri sem sést síst í kirkjunni,“ segir Jóna Hrönn. „Það er gaman ef kirkjan getur teygst sig í þessa átt, ef við getum nálgast þeirra menningarheim og tónlistarheim meira,“ segir hún. „Í þessar gospeltonlist þarftu að opna sál þína svo gífurlega og mér



Á ÆFINGU Gospelkórinn hefur æft stíft fyrir tónleika sína í Fjölbrautaskóla Garðabæjar í dag.

finnst krakkarnir hafa verið ótrúlega hugrakkir.“

Gospelkórinn er jafnframt samstarfsverkefni við FG og fá krakkarnir sem taka þátt einingar metnar sem valfag. Einnig eru krakkar í kórnum úr öðrum framhaldsskólum.

Tónleikarnir hefjast klukkan 17.00 og eru allir aðdáendur gospeltonlistar hvattir til að mæta.

SPARBÍÓ* — 450kr

Gómsæt og holl teiknimynd fyrir alla fjölskylduna

JÓNAS

JÓNAS, SAGA UM GRÆNMETT M/- ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA KL. 2 Á AK OG KEF.

BÆJARHLAÐIÐ M/- ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA OG KL. 2 Á AK.

ÓBYGGÐIRNAR „THE WILD“ Sýnd með stíu tala!

ÓBYGGÐIRNAR M/- ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA

Jackass númer tvö

ASNAKJÁLKAR 2 M/- ÍSL TAL. KL. 4 Í ÁLFABAKKA

SPARBÍÓ* : 450 KR MIÐAVERÐ Á OFANTALDAR MYNDIR Laugardag og Sunnudag í SAMBÍÓUNUM ÁFABAKKA, AKUREYRI OG KEFLAVÍK

Nýtt

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kanadíska poppsöngkonan **Nelly Furtado** hefur hafnað tilboði karlatímaritsins Playboy um að sitja fyrir. Furtado sem hressti nýlega upp á mynd sína með rauðum varalit meðal annars, segir að henni hafi verið boðin hálf milljón dala fyrir myndasýrpu í blaðinu. „Ég væri bara að kítla hegðingardina í sjálfri mér. Tilboðið er samt spennandi og freistandi, en kringumstæðurnar er ekki réttar. Ég útiloka þó ekkert í framtíðinni,“ segir söngkonan.

Vegggljós
og loftljós í miklu úrvali

75 x 75 x 90 mm

80 x 105 mm

Ljósíð myndar fallega geysla upp og niður.

77 x 77 x 105 mm

RAFSÓL

Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is



DIOUF Er ekki sá vinsælasti í enska boltanum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

El-Hadji Diouf:

Viðurkennir leikaraskap

FÓTBOLTI El-Hadji Diouf, leikmaður Bolton, hefur viðurkennt að stunda leikaraskap en segist alls ekki vera sá eini. Hann segist bara vera snjall þegar hann lætur sig falla í vífateig andstæðinga til að reyna að fiska vífaspyrnu.

„Stundum þarf ég að láta mig falla til að vinna víti. Þetta er bara hluti af fótboltanum. Snjöllustu knattspyrnumenn samtímans stunda þetta,“ sagði Diouf sem á klárlega ekki eftir að auka vinsældir sínar með þessum ummælum. Hann hefur verið að spila vel með Bolton en hefur þó nokkrum sinnum komist í fréttirnar fyrir hegðun sína. - egm



SAMPANIS Með verðlaunin sem tekin voru af honum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Leonidas Sampanis:

Dæmdur í háfs árs fangelsi

LYFTINGAR Leonidas Sampanis hefur verið dæmdur í háfs árs skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa notað stera á Ólympíuleikum í Aþenu fyrir tveimur árum. Sampanis er grískur lyftingamaður sem vann bronsverðlaun á leikunum en þau voru síðan tekin af honum eftir að hann féll á lyfjaprófi og var dæmdur í keppnisbann. Sampanis hefur neitað allri sök og segir að einhver hafi látið sig taka stera án hans vitneskju.

Þetta er mikið áfall fyrir grískt íþróttalíf en rétt fyrir Ólympíuleikana voru spretthlaupararnir Kostas Kenteris og Katarina Thanou dæmd í bann eftir að hafa skrópað í lyfjaprófi. Þau eiga eftir að svara til saka fyrir framan dómstóla en þau dvöldu í fjóra daga á sjúkrahúsi um þetta leyti og sögðust hafa lent í mótorhjólalýsi. - egm

Nemanja Vidic að aðlagast:

Ég get spilað enn betur

FÓTBOLTI Nemanja Vidic, varnarmaður Manchester United, er sá leikmaður sem hefur vakið hvað mesta athygli í enska boltanum á þessu tímabili. Þessi serbneski landsliðsmaður kom til United fyrir ári en gekk erfiðlega að fóta sig í ensku deildinni til að byrja með. Hann hefur spilað frábærlega að undanförunu og segist vera farinn að aðlagast lífinu á Englandi.

„Þetta var mjög erfitt í byrjun. Ég bjó á hóteli og gekk erfiðlega að aðlagast öðruvísi fótbolta og öðruvísi menningu í nýju landi. Ég var nokkurn veginn óþekktur en samt keyptur fyrir sjö milljónir punda. Stuðningsmenn voru efins og ég skynjaði það, Nú er allt komið á beinu brautina, ég hef keypt mér hús og enskan er orðin betri. Ég hef spilað vel en get spilað enn betur og er ákveðinn í að sýna það,“ sagði Vidic. - egm

Utah Jazz vann LA Lakers í fyrrinótt og þar með sinn áttunda leik í röð:

Utah heldur áfram að fara á kostum í NBA

KÖRFUBOLTI Tímabilið í NBA-körfuboltanum hefur byrjað lygilega vel fyrir Utah Jazz sem hefur unnið tólf leiki af þrettán í haust. Er það besta byrjun liðsins frá upphafi í deildinni og í fyrrinótt gerði liðið sér lítið fyrir og vann LA Lakers með 114 stigum gegn 108. Utah vann síðasta leikhlutann með tólf stigum og er það ekki í fyrsta skiptið sem liðið vinnur leiki sína á endasprenntinum.

Kobe Bryant skoraði ekki nema tvö stig í fjórða leikhlutunum, þökk sé meðal annarra Andrei Kirilenko sem lék sinn fyrsta leik í gær eftir meiðslum sem voru búin að hrjá hann í síðustu fimm leikjum

um á undan. Kirilenko varði fimm skot í leiknum en Bryant skoraði alls 27 stig.

„Hér kom upp sú staða að Kirilenko skoraði aðeins fjögur stig í leiknum en var samt algjör lykilmáður í sigri liðsins,“ sagði Jerry Sloan, þjálfari Utah.

Carlos Boozer hélt áfram að sýna snilli sína og skoraði 31 stig og tók sextán fráköst.

„Þeir keyrðu á okkur og settu okkur aðeins út af laginu. En við börðumst fyrir okkar hlut og tókum alla stjórn í leiknum,“ sagði Deron Williams sem skoraði ellefu af sínum fimmtán stigum í fjórða leikhlutunum.

Í síðustu þremur leikjum sínum

hefur Utah þurft að ná upp sextán stiga forskoti andstæðingsins tvívegis og 21 stigi einu sinni.

Dallas og San Antonio eru tvö af sterkustu liðum deidarinnar og áttust við í fyrrinótt. Dallas gerði sér lítið fyrir og vann á útivelli, 95-92. Dirk Nowitzky fór sem fyrr fyrir Dallas-liðinu og skoraði 31 stig, þar af fjórtán í síðasta leikhlutunum.

Þá áttust Denver og Golden State við í ótrúlegum leik sem lauk með 140-129 sigri Denver. „Við getum aukið hraða okkar enn frekar,“ vildi þjálfari Denver þó meina þrátt fyrir flest skoruð stig liðsins í einum leik síðan 1991.



KIRILENKO ÖFLUGUR Rússinn Andrei Kirilenko lét Kobe Bryant ekki komast upp með neitt múður í leik Utah og Lakers. NORDICPHOTOS/GETTY

- esá

AÐEINS

4.550

KR.

Jólatilboð á mánaðarkorti á aðeins 4.550 kr.

Nýttu þér þetta gleðilega tilboð og vertu í góðu formi um jólin. Taktu frá tíma fyrir þig í desember og taktu forskot á áramótaheitið.

Hafðu samband strax í dag í síma 414 4000.

njóttu hátíðanna

laus við streitu og slen

í góðu formi um jólin

HREYFING

Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is

Móðir og barn



Fríðrik Karlsson

Fríðrik Karlsson er meistari slökunartónlistarinnar og slær ekki slöku við. Hann sendir nú frá sér tvöfalda geislaplötu sem annars vegar er ætluð móðurinni og hins vegar barni hennar en á barnahlutanum syngur söngkonan Sessí 10 barnalög í afskaplega fallegum útsetningum.

Þegar slökunartónlist er notuð á meðgöngu og við fæðingu getur hún haft veruleg verkjastillandi áhrif.



HIMNARNIR OPNAST

Jólaperlur

HUGLJÚF & HÁTÍÐLEG
JÓLATÓNLIST



BJÖRG



KOMIN Í VERSLANIR

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

LANGHOLTSKIRKJU 2. DESEMBER KL. 17
MEÐ DRENGJAKÓR REYKJAVÍKUR,
LÖGREGLUKÓR REYKJAVÍKUR & KAMMERSVEIT

AKUREYRARKIRKJU 3. DESEMBER KL. 17
MEÐ KÓR AKUREYRARKIRKJU & KAMMERSVEIT



> Mike Myers

Fæddist 25. maí 1963 í Ontario í Kanada. Hann er frægur grínisti sem hefur gert garðinn frægan sem einkaspæjarinn Austin Powers í samnefndum grínmyndum. Þriðja myndin um Austin Powers, Goldmember, verður sýnd á Stöð 2 í kvöld og þess má geta að Mike er núna að undirbúa þriðju myndina um Shrek sem kemur í bíó næsta sumar.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR SKILUR EKKI AUGLÝSINGAR UM BÍLA

Guð og Citroën

Ég hef mjög gaman af því að horfa á auglýsingar en verð að viðurkenna að ég skil þær ekki alltaf. Ein þeirra sem veldur mér miklum heilabrotum þessa dagana er frá Citroën og er alltaf sýnd á undan X-factor. Við sjáum hvítan grunn þar sem stendur „Í upphafi skapaði Guð heiminn“, svo líður smástund og svo kemur setningin: „og svo Citroën.“ Og ég skil ekki neitt. Við vitum auðvitað að guð skapaði heiminn á sjö dögum fyrir um það bil sex þúsund árum en spurningin er: skapaði hann Citroën á áttunda degi? Hvenær skapaði hann eiginlega Citroën? Eða (og þetta er það sem mér finnst nauðsynlegt að fá að vita) skapaði Citroën heiminn líka? Kannski í sinni mynd? Kannski hlíðarheim sem er eins og heimurinn sem við sjáum í

bílauglýsingunum og á að fá okkur til að kaupa einmitt einhvern tiltekinn bíl? Kannski skapaði Citroën heiminn þar sem stelpurnar óku um í sumar, heiminn sem líktist grunsamlega Íslandi á sumri en þar var miklu hlýrra og ekkert mál að vaða út í jökulvötn á meðan textinn „I don't want to work, I just want to sleep“ var í hróplegri mótsögn við hressileika stelpnanna á bílnum. Eða kannski skapaði hann heiminn þar sem bílar skipta um ham til að geta sem best ekið utan vegar, rífið upp viðkvæma árbotna og ruðst yfir mosavaxið hraun. Ég veit það ekki. Ég kann ágætlega við heiminn sem Guð skapaði með öllum sínum kostum, löstum og kynjum, heim þar sem veturinn geisar í öllu sínu veldi, þar sem snjónum kyngir niður og vindurinn lemur honum fram og til baka. Heim þar sem Land Rover segir stríðnislega: „Viltu koma út að leika?“



HVER SKAPAÐI EIGINLEGA CITROËN?

EKKI MISSA AF



▶ **20.30 Frægir í formi** SKJÁR EINN



▶ **13.20 Newcastle-Portsmouth** SKJÁR SPORT



▶ **12.25 Silfur Egils** STÖÐ 2



▶ **16.15 Mozart í Vínarborg** SJÓNVARPIÐ



▶ **18.00 Lost In Translation** STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

- 8.00 Morgunstudin okkar
- 8.01 Sammi brunavörður
- 8.11 Geirharður bojing bojing
- 8.31 Hopp og hí Sessamí
- 8.55 Kvikindi í koppum og kírnum (6:6)
- 9.00 Líló & Stitch (39:39)
- 9.25 Síngildar teiknimyndir
- 9.33 Herkúles (11:28)
- 9.54 Tobbi tvisvar (35:52)
- 10.17 Allt um dýrin (8:25)
- 10.45 Jón Ólaf
- 11.25 Spaugstofan (e)
- 11.55 Tvíburasturnar
- 13.30 Himalajafjöll (5:6)
- ▶ 14.30 Márar (1:2) (The Moors) (e)
- 15.25 Márar (2:2)
- 16.15 Mozart í Vínarborg
- 17.20 Nærmynd
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Stundin okkar (9:30)
- 18.30 Geimálfurinn Gígur
- 18.40 Leikurinn Bamamynd
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Tíu fingur (7:12)
- 21.10 Örninn (5:8) (Ørnen) Danskur spennumyndaflokkur um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn.
- 22.10 Helgasportið
- 22.35 Wilbur gælir við sjálfvíg
- 0.20 Kastljós
- 0.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 6.00 Rules of Attraction
- 8.00 Try Seventeen (Bara sautján)
- 10.00 Fíaskó Íslensk nútímasaga.
- 12.00 Lost in Translation (Rangtúlkun)
- 14.00 Try Seventeen (Bara sautján)
- 16.00 Fíaskó Íslensk nútímasaga.
- ▶ 18.00 Lost in Translation
- 20.00 Rules of Attraction
- 22.00 Speed (Leifturhraði) Stranglega bönnuð börnum.
- 0.00 American Wedding
- 2.00 Fourplay (Ástin er óútreiknanleg)
- 4.00 Speed
- 7.00 Pingu
- 7.05 Brúðubíllinn
- 7.40 Stubbarnir
- 8.05 Doddi litli og Eyrnastór
- 8.15 Kalli og Lóla
- 8.25 Könnuðurinn Dóra
- 8.50 Pocoy
- 9.00 Grallarnir (Tiny Toons)
- 9.20 Codename: Kids Next Door
- 9.45 Kalli litli kanína og vinir hans (Baby Looney Tunes 2)
- 10.05 Ævintýri Jonna Quests
- 10.30 Sabrina - Unglingsnornin
- 10.55 Bratz
- 11.15 Galdrastelpurnar (13:26)
- 11.35 Ljónagrín
- 12.00 Hádegisfréttir
- ▶ 12.25 Silfur Egils
- 14.00 Neighbours
- 14.20 Neighbours
- 14.40 Neighbours
- 15.00 Neighbours
- 15.20 Neighbours
- 15.45 Í sjöunda himni með Hemma Gunn
- 16.50 Beauty and the Geek
- 17.45 Martha (Naomi Judd)
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.10 Kompás Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og þættinum ekkert óviðkomandi.
- 19.45 Sjálfstætt fólk
- 20.20 Commander In Chief
- 21.05 Numbers (6:24) (Tölur)
- 21.50 Thief (1:6) (Þjófur)
- 22.40 X-Factor Staersti sjónvarpsviðburður í sögu Stöðvar 2. X-Factor er einstök sönghæfileikakeppni þar sem keppendur eru á öllum aldri, allt frá 16 ára og upp úr.
- 23.35 Austin Powers in Goldmember
- 1.05 Innocence (Sakleysi)
- 2.35 Stepfather, The (1:2)
- 3.45 Stepfather, The (2:2)
- 4.55 Thief (1:6) (Þjófur)
- 5.40 Fréttir Stöðvar 2 endursýndar frá því fyrr í kvöld.
- 6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SIRKUS TV

- 15.00 Tekinn (e)
- 15.30 The Newlyweds
- 16.00 The Hills (e) Lauren úr Laguna Beach þáttunum er flutt til L.A.
- 16.30 Wildfire (e) Hin 18 ára Krís Furillo er vandráðunglingur sem fær annað tækifæri í lífinu.
- 17.15 The Player - NÝTT (e) 13 karlmenn berjast um hylli ofurskuttunnar Dawn Olivieri í þessu þáttum þar sem einn mun standa uppi sem sigurvegari. Stjórnandi keppendanna er Boston Rob sem eflaust margir muna eftir úr Amzing Race og Survivor.
- 18.00 Seinfeld
- 18.30 Fréttir NFS
- 19.10 Seinfeld
- 19.35 Four Kings - NÝTT (e) Dreppfyrndir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York.
- 20.00 Tekinn (e)
- 20.30 The Newlyweds 21.00 Vanished (7:13)
- 21.50 Weeds (7:12)
- 22.20 My Name is Earl (e) Earl er smáglæpamaður sem dettur óvænt í lukkupottinn og vinnur hæsta vinninginn í lottóinu.
- 22.45 Ghost Whisperer (e)
- 23.30 Pepper Dennis (e)
- 0.15 Sirkus Rvk (e) Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum.
- 0.45 Entertainment Tonight (e) Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppkomum í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfðu öllum aldurshópum.
- 1.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttabátturinn Kortur er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 12.00 2006 World Pool Masters
- 12.50 Love, Inc. (e)
- 13.20 Out of Practice (e)
- 13.50 Dýravinir (e)
- 14.20 One Tree Hill (e)
- 15.05 Queer Eye for the Straight Guy (e)
- 16.00 America's Next Top Model VI (e)
- 17.00 Innlit / útlit (e)
- 17.50 How to Look Good Naked (e)
- 18.15 Rachael Ray (e)
- 19.10 Battlestar Galactica (e) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst er með klassískri baráttu góðs og ills.
- 20.00 Dýravinir Gríðarlegur fjöldi Íslendinga á gæludýr, fiska, hunda, ketti, kanínur, köngulær og fleira. Í þessum þáttum kynnr Guðrún Heimisdóttir okkur fyrir dýrunum og eigendum þeirra, en óhætt er að fullyrða að gæludýrin hafi aldrei verið fjölbreyttari en nú.
- ▶ 20.30 Frægir í form Ný, íslensk þáttaröð með þekktum einstaklingum sem vilja bæta líf sitt.
- 21.30 C.S.I.: New York Bandarísk sakamálaferia um Mac Taylor og félag hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
- 22.30 Brotherhood Dramatísk og spennandi þáttaröð um bræður Tommy og Mike Caffee.
- 23.30 Conviction Bandarísk sakamálaferia um unga og reynslulausa saksóknara í New York. Ung kona finnst myrt skömmu eftir að hún sást yfirgefa bar.
- 0.20 Law & Order (e) Bandarísk sakamálaferia.
- 1.10 The L Word (e) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles.
- 2.10 Óstöðvandi tónlist

SKJÁR SPORT

- 12.20 Að leikslokum (e)
- ▶ 13.20 Newcastle - Portsmouth (beint)
- 15.50 Man. Utd. - Chelsea (b)
- 18.00 Prumuskot (e)
- 19.20 Palermo - Inter (beint)
- 21.30 Tottenham - Wigan
- 23.30 Charlton - Everton (frá 25. nóv)



TOPP BARÁTTA

Á ENGLANDI OG ÍTALÍU Á SKJÁSPORTI Í DAG

SUNNUGAGUR 26. NÓVEMBER
13.30 Newcastle-Portsmouth
15.00 Tottenham-Wigan S2
16.00 Man Utd-Chelsea
19.30 Palermo-Inter Milan



SKJÁRSPORT

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.50

DJÓFUR

Sýningar hefjast í kvöld á nýjum bandarískum spennuþætti sem hlotið hefur lof bandarískra gagnrýnenda og unnið til verðlauna. Hér er um sakamálaþætti að ræða sem koma úr smiðju sömu framleiðenda og gerðu Nip/Tuck. Þættirnir fjalla um glæpa-sníllinga í New Orleans, atvinnuglæpamenn sem hafa þann starfa að fremja stór og vandlega skipulögð rán. Útsjónarsemi þeirra þegar kemur að glæpum og klækjum er takmarkalaus og ósjaldan gera þeir æði lítið úr ráðalásum laganna vörðum. Aðalleikarinn í þáttunum er Andre Braugher, sem margir muna eftir úr þáttunum Homicide. Braugher þykir fara á algjörum kostum í þáttunum enda hlaut hann Emmy-verðlaunin 2006 fyrir frammistöðu sína.



▶VIÐ MÆLUM MEÐ Dýravin-ir Á SKJÁ EINUM KL. 20

Það með sönnu segja að gæludýr Íslendinga hafi aldrei verið af fleiri tegundum en nú og þátturinn Dýravinir sannar það. Kóngulær, kanínur, alls kyns skrýtnir fiskar og fleira. Guðrún Heimisdóttir kynnir okkur dýrin og eigendur þeirra. Skemmtilegur þáttur sem öll fjölskyldan getur notið saman.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.00 Fréttir	16.00 Fréttir
8.05 Morgunandakt	16.08 Veðurfregni
8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni	16.10 Heimurinn okkar
9.00 Fréttir	17.00 Síðdegi skógarþúkanna
9.03 Lóðrétt eða lárétt	18.00 Kvöldfréttir
10.00 Fréttir	18.25 Auglýsingar
10.05 Veðurfregni	18.26 Seiður og hélog
10.15 Bókabing	19.00 Afsprengi
11.00 Guðsþjónusta í Jósefskirkju, Hafnarfirði	19.50 Óskastundin
12.00 Hádegisútvarp	20.35 Sagnaslóð
12.20 Hádegisfréttir	21.15 Laufskálinn
12.45 Veðurfregni	21.55 Orð kvöldsins
13.00 Útvarpsleikhúsið: Fjallkirkjan	22.00 Fréttir
13.45 Fiðla Mozarts	22.10 Veðurfregni
14.10 Söngvamá	22.15 Til allra átta
15.05 Út um víðan völl: Húgenottarnir	23.00 Andrarímur
	0.00 Fréttir

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

8.00 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

9.40 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

11.20 Meistaradeildin með Guðna Bergs (Meistaramörk) Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlega yfir leiki í Meistaradeild Evrópu.

15.50 Spænski boltinn Real Betis-Espanyol Bein útsending frá leik Real Betis og Espanyol í spænsku deildinni. Bæði liðin hafa átt nokkuð erfiitt uppdráttar og eru í neðri hluta deildarinnar.

17.50 Spænski boltinn Valencia-Real Madrid Bein útsending frá leik Valencia og Real Madrid í spænska boltanum. Leikir þessara tveggja liða þykja ávallt mjög skemmtilegir.

19.50 Spænski boltinn Atletico Bilbao-Sevilla Bein útsending frá leik Atletico Bilbao og Sevilla í spænsku deildinni. Topplið Sevilla vann sannfærandi sigur á sterku liði Valencia um síðustu helgi.

21.50 NFL - ameríska ruðningsdeildin New England Patriots-Chicago Bears

Bein útsending frá leik New England Patriots og Chicago Bears í ameríska ruðningsdeildinni NFL. Leikmenn Chicago hafa farið á kostum það sem af er tímabils og hafa einungis tapað einum leik af fyrstu tíu. Leikmenn New England eru svo sem engir nýgræðingar í faginu og hafa aðeins tapað þremur af fyrstu tíu.

0.20 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

DR 1

11.25 Þá jobbagt 11.55 Attention Mobning 13.00 Guðstjenneste í DR Kirken 14.00 Temalordag: Protestsangen havde vinger engang - og nu flyver den igen! 14.05 60'erne 14.40 70'erne 16.25 Protestsangen på vingerne igen 17.00 Sigurd og Big Bandet 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Mysteriet om Danmark Ekspeditionen 18.30 Livet på skinner 19.00 Ørnen 20.00 TV Avisen 20.15 Søndag 20.45 Søndagssporten med SAS liga 21.00 Tavi - ånden der steg op fra havet 21.50 Columbo 23.00 Fortidens bedrag

NK1

11.50 V-cup skøyter: 1500 m kvinner 12.25 V-cup kombinert 13.00 V-cup skøyter: 10000 m menn 14.40 Sport i dag 16.00 12 bud 16.30 Åpen himmel: Guðstjenneste i Storsalen menighet i Oslo 17.00 Ole Aleksander Filibom-bom-bom 17.15 Sola er en gul sjiraff 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Kvitt eller dobbelt 20.15 Kongekabalen 22.00 Kveldsnytt 22.15 Et mesterverk 23.05 Nytt på nytt 23.35 Kunstløp: Grand Prix fra Paris 0.05 Ungarskreiret

SVT 1

10.55 MGP Nordic 12.55 Söderlund & Bie 13.25 Kobra 13.55 Great thinkers of our time 14.25 Reef Route 66 14.52 Grounded 14.55 Världen 15.55 Makalösa monument 16.25 Om barn och böcker 16.55 Anslagstavlan 17.00 Anki och Pytte 17.30 Skärgårdsdoktorn 18.25 Radiohjälpen hjälper - Världens barn 18.30 Rapport 19.00 Världscupen: Alpinet Aspen 19.30 Sportspegeln 20.15 Agenda 21.10 Orden med Anna Charlotta 21.40 Vetenskap - universum i provör 22.10 Rapport 22.20 Cuppen 23.20 Brother

„GRÆJADU ÞIG EINS OG BOND“

SONY

KDL32S2010
SONY 32" BRAVIA LCD SJÓNVARP
32 Bravia LCD Sjóvarp
Upplausn 1366x768
Bravia Engine myndstýring
Stafrænn og analog móttakari
HDMI tengi

219.950,-
18.329,- á mánuði í
12 mánuði vaxtalaust

**Takmarkað magn

Kaupkaup:
Bond skjalataska með öllum Bondmyndunum,
40 diskar í endurbætri útgáfu og lúxusbíómiði
fyrir 2.

39.950,-
Fylgir með sony 32"

Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is sími: 588 7669

Er þér óhætt á flugi?

- Vissir þú að geislun á fjögurra tíma flugi í 37 þúsund feta hæð jafngildir einni röntgenmyndatöku á brjósti ?
- Vissir þú að þú ert að verða fyrir 20 til 25% súrefnisskortu í flugi ?
- Hvernig líður þér á fundi eftir fjögurra tíma flug ?
- Hvað er til ráða ?

Miðvikudaginn **29. nóvember**, klukkan 20:00 mun breski læknirinn, **Dr. Farrol Kahn**, forstjóri Aviation Health í Bretlandi halda fyrirlestur á **Hótel Loftleiðum** í þingsölum 1- 4.

Dr. Kahn stofnaði Aviation Health árið 1996, en sú stofnun hefur haft það að leiðarljósi að rannsaka hver áhrifin eru af flugi og ferðalögum á líkamlega og andlega heilsu fólks.

Dr. Kahn hefur skrifað fjölda bóka um þetta málefni og verið ráðgjafi hinna ýmsu flugfélaga og flugvalla. Hann var (sérstakur) ráðgjafi World Health Organization, árið 2001 í tengslum við áhættu á myndun blóðtappa í flugi. Einnig hefur hann unnið fyrir EU og samgöngunefnd á vegum bandaríska þingsins.



Fyrirlesturinn er öllum opin og aðgangur ókeypis.

Fyrirlesturinn er í boði





BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Að kippa lýðræðinu úr sambandi

Íslenskan er yndislega gegnsætt mál. Við búum í lýðveldi af því að lýðurinn hefur völdin. Hér er lýðræði af því að lýðurinn ræður. Að vísu hefur lýðurinn svo margt annað að gera að hann hefur komið sér upp fulltrúalýðræði þar sem lýðurinn velur fulltrúa til að ráða fyrir sig. Þetta væri hreint fyrirtak ef fyrirkomulagið á því hvernig lýðurinn velur fulltrúana væri ekki svona ólýðræðislegt.

MARGIR flokkanna hafa nefnilega komið sér upp prófkjörum. Þar raðar lítið brot af væntanlegum kjósendum flokksins upp listanum sem boðinn verður fram. Þannig getur tiltölulega fámennur hópur með samanteknum ráðum komið fullkomlega óhæfum frambjóðanda, jafnvel forhertum glæpamanni, í eitt efstu sætanna þvert á vilja alls meirihluta kjósenda.

FJÖLMIDLAR taka síðan þátt í því að kippa lýðræðinu úr sambandi á þennan hátt með því að hamra stöguft á því að þessi eða hinn sé í „öruggu“ sæti. Í lýðræði sem stendur undir nafni, en er ekki skrípamynd af hugtakinu, á enginn að vera „öruggur“ um eitt einasta atkvæði fyrr en það hefur verið greitt honum. Ef þjófóttur mútuþegi kemst á þing má það ekki vera af því að nokkrir siðblindingjar sem meta dugnað meira en heiðarleika komu honum í „öruggt“ sæti í prófkjöri. Það á að vera af því að kjósendur í flokksins í kjördæminu völdu hann sem fulltrúa sinn.

PRÓFKJÖR hafa einfaldlega gengið sér gjörsamlega til húðar. Það vekur manni beinlínis ugg að vongóð þingmannsefni skuli jafnvel kosta jafnmiklu til að komast á þing og þau geta vænst að fá í kaup á kjörtímabilinu. Annað hvort er það alveg himinhrópandi augljóslega vöndur bisnes eða eitthvað er í gangi sem maður veit ekki um en ætti að vera á allra vitorði í lýðræðisþjóðfélagi.

ÞAÐ er löngu orðið tímabært að leggja prófkjör og forvöl niður og sameina þau kosningum. Það er ekki mikið mál og auðvelt í framkvæmd að kjósendur númeri, segjum tíu manns frá einum og upp í tíu, um leið og þeir kjósa flokkinn sem þeir bjóða sig fram fyrir. Þannig ráða þeir sem sannarlega kjósa hvern flokk hverjir fulltrúar hans eru en ekki fáeinir einstaklingar sem stjórnast kunna af annarlegum forsendum.

VONANDI verður eitthvað í þessum kosningum og aðdraganda þeirra til þess að lýðræðinu verði stungið í samband aftur.

www.icelandexpress.is

Danmörk! Við elskum þig

Ekstra Meget



» Hvað sem hver segir, þá hreinlega elskum við Íslendingar Danmörku – og þangað viljum við fara aftur og aftur.

Iceland Express sýnir þann hlýhug í verki og býður Íslendingum að fljúga frá þremur brottfararstöðum á Íslandi: Keflavík, Akureyri og nú bætast Egilsstaðir við.

Þá eru áfangastaðirnir í Danmörku orðnir tveir, því að Billund hefur nú bæst inn á leiðakerfi Iceland Express fyrir næsta sumar.

Verum öll vinir – bókaðu ódyrt fargjald til Danmerkur á www.icelandexpress.is

KEF-CPH

Flugið alla daga vikunnar.

AEY-CPH

Síðasta vetrarflug 3. des.
Sumaráætlun: 4. júní–29. ágúst.
Flugið á sunnudögum og fimmtudögum.

EGS-CPH

1. júní–31. ágúst.
Flugið á þriðjudögum og föstudögum.

» VERÐ FRÁ:

7.995 kr.

Aðra leið með sköttum.

Iceland Express, Grimsbæ, Elstalandi 26, Sími 5 500 600

» BÖRN:

50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingssátt af verði fyrir skatta og gjöld.

» www.icelandexpress.is



ORMSSON SMÁRALIND ER ENGIN VENJULEG VERSLUN

Full búð af nýppteikum, fallegum og spennandi vörum til jólagjafa!



Verið velkomin í óvenjulega verslun!
Opíð alla helgina.

ORMSSON

ORMSSON · SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 · WWW.ORMSSON.IS